ÁRSSKÝRSLA 2020 - 2021





VR 2021
Umbrot/útlit: Tómas Bolli Hafþórsson
Prentun: Svansprent
Myndir: Í tilefni af 130 ára afmæli VR þann 27. janúar 2021 prýða skýrsluna myndir úr afmælisauglýsingu félagsins, gamlar myndir frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur og myndir úr safni VR. Myndir m.a. Gunnar Rúnar Ólafsson og Hallmar Freyr Thorvaldsson.

Athugið að fjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslunni sem vísa til reksturs eða sjóða félagsins miða við almanaksárið en upplýsingar um starfsemi félagsins að öðru leyti miða við starfsár stjórnar á milli aðalfunda, nema annað sé tekið fram.

EFNISYFIRLIT

Félagið í hnotskurn 4

Ávarp formanns 6
Stjórn VR starfsárið 2020 - 2021 7

VR 130 ára 8

Áhrif Covid-19 á starfsemi og þjónustu VR 10

Kjaramál 12
Þjónusta kjaramálasviðs 12
Kjarasamningar 12
Vinnustaðaeftirlit 13
Dómsmál 14

Sjúkrasjóður 15
Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR 15
Sjúkradagpeningar 2019 og 2020 15
Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR 15
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2020 – 2021 15

Fræðslumál 16
Starfsmenntamál 16
Lykiltölur úr ársreikningum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar 17
Stjórnir starfsmenntasjóða starfsárið 2020 - 2021 17

VIRK - starfsendurhæfingarsjóður 18
Hvatning og stuðningur 18

Orlofsmál 19
Nýting orlofshúsa 2019 - 2020 19
Um orlofshúsin 19
Afsláttarmiðar og kort, samstarf við ferðaþjónustuaðila 19
Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2020 - 2021 19

Ályktanir og yfirlýsingar, fundir, nefndir 20
Yfirlýsing frá stjórn VR vegna samnings um kaupmáttartryggingu 20
Ályktun stjórnar VR vegna ógreiddra launa í Borgarleikhúsinu 20
Yfirlýsingar frá stjórn VR vegna málefna Icelandair 20
VR styður baráttuna gegn kynþáttamisrétti 20
Fundir starfsárið 2020 - 2021 20
Nefndir og stjórnir 21
Erlend samskipti 22

Starfsemi og rekstur félagsins 23
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa 23
Stjórnarhættir 23
Stefnur VR 23
Lagabreytingar 23
Starfsemi þjónustudeildar 2020 23
Félagatal 24
Heimsmarkmiðin 24
VR varasjóður 25
Félagsmál 25
Rannsóknir og kannanir 26
Útgáfu- og kynningarmál 26
Skipulag skrifstofu VR 27
Fastráðið starfsfólk á skrifstofu 1. mars 2021 28
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2020 29
Trúnaðarráð 29
Trúnaðarmenn á vinnustöðum 29

VR Annual Report 2020 – 2021
English summary
on p. 30-33


Ársreikningur 2020 34
Skýrsla stjórnar 34
Áritanir 35
Rekstrarreikningur 2020 37
Efnahagsreikningur 31. desember 2020 38
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2020 39
Skýringar 40
Skýringar – yfirlit um rekstur sjóða VR árið 2020 49
Skýringar – efnahagur sjóða VR 31. desember 2020 50

FÉLAGIÐ Í HNOTSKURN

Almenn starfsemi og þjónusta 2019-2020

	2020	2019
Fjöldi félagsmanna	36.503	37.375
Fjöldi sem greiddi til félagsins a.m.k. einu sinni á árinu	45.893	48.326
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.469	1.920
Starfsmennta- og tómstundastyrkir, fjöldi félagsmanna	8.020	8.159
Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna	14.971	17.141
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði VR	1.458	1.552
Fjöldi nýskráðra í þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR	464	397
Nýting orlofshúsa, fjöldi útleiga	5.532	4.920


Þróun kaupmáttarvísitölu VR



Lykiltölur VR 2020 – Rekstrarreikningur

Félagsgjöld	1.475.956.052
Sjúkrasjóðsiðgjöld	1.965.446.267
Orlofssjóðsiðgjöld	482.211.937
Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta	176.001.794
Aðrar tekjur	194.463.513
Samtals tekjur	**4.294.079.563**
Bætur og styrkir	1.841.823.903
Greiðsla úr varasjóði	589.399.948
Rekstrargjöld	1.903.313.985
Samtals gjöld, bætur og styrkir	**4.334.537.836**
Fjármagnsliðir	875.780.124
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	**835.321.851**

Fjöldi kjaramála




Fjöldi án veittra atvinnuleyfa til erlendra félagsmanna.

Lykiltölur VR 2020 – Efnahagsreikningur

Varanlegir rekstrarfjármunir	1.975.656.673
Verðbréf og verðbréfasjóðir	12.471.943.285
Aðrar kröfur	851.751.992
Samtals eignir	**15.299.351.950**
Eigið fé	14.535.865.541
Skuldir	763.486.409
Eigið fé og skuldir	**15.299.351.950**


Atvinnuleysi félagsmanna í nóvember ár hvert




Breyting á launavísitölu VR milli ára




Fjöldi félagsmanna




SJúkradagpeningar, fjöldi pr. 1.000 félagsmenn




Mínar síður á vr.is



Kynjabókhald VR 2020



Greiðslur úr VR varasjóði 2020



ÁVARP FORMANNS



Árið 2020 átti að vera rólega árið. Árið þar sem öll helstu markmið kjarasamninga myndu halda, kaupmáttur og lækkun vaxta svo eitthvað sé nefnt. Áherslan þetta starfsárið átti að vera á stefnumótun og nefndavinnu og að klára þau verkefni sem stóðu útaf borðinu í loforðum stjórnvalda tengdum Lífskjarasamningnum.

En Covid-19 veiran skall á þjóðinni af miklum þunga og eftir að fyrsta innanlandssmitið greindist þann 28. febrúar var ljóst að allir þyrftu að leggjast á eitt og var verkalýðshreyfingin þar ekki undanskilin. Fordæmalausir tímar varð að hversdagssetningu og allt fór á yfirsnúning því ljóst var að stór hópur fólks, okkar félagsmanna, og fyrirtækja yrðu afleiðingum Covid kreppunnar að bráð. Þrýstingur byrjaði að myndast frá Samtökum atvinnulífsins og fyrirtækjum um að fresta umsömdum launahækkunum en á þessum tíma voru hin margumtöluðu tannhjól atvinnulífsins við það að stöðvast. Staðan á vinnumarkaðnum var fljótt orðin mun verri en hún varð í hruninu og ljóst að við yrðum að finna leiðir til að verja störfin, kaupmáttinn og heimilin, finna leiðir til að verja lífsviðurværi og síðast en ekki síst atvinnuöryggi launafólks eins og kostur er á meðan þessi faraldur gengur yfir. Snemma varð þó ljóst að ekki kæmi til greina að gefa launahækkanirnar eftir heldur yrði að leita annara leiða. VR og Verkalýðsfélag Akraness tóku höndum saman og teiknuðu upp hugmynd sem fól í sér að lækka mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði tímabundið eða á meðan það versta gengi yfir. Tillaga VR og VFLA gerði ráð fyrir að mótframlag yrði lækkað úr 11,5% í 8%, svo fremi að vísitala neysluverðs (verðlag) héldist innan ákveðinna marka. Gengi það ekki eftir, kæmi iðgjaldið til greiðslu að fullu. Í útreikningum okkar þýddi þetta að við gátum búið til núll-lausn þannig að að launahækkanir kæmu ekki til kostnaðarauka hjá fyrirtækjunum en einnig fælist í þessu aukinn ávinningur fyrir félagsmenn, m.a. yrði kaupmætti viðhaldið þar sem þrýstingur væri á að vísitala neysluverðs myndi haldast innan marka. Hvað myndi þetta þýða fyrir launafólk? Skerðing á lífeyri sjóðfélaga lífeyrissjóða miðað við 3ja mánaða lækkun væri um 0,16% eða 772 kr. á mánuði miðað við fertugan einstakling með 650.000 kr. í laun á mánuði. Ef ekki væri farið í aðgerðina og kaupmáttur myndi lækka um 1% myndi það kosta þennan sama einstakling um 4.300 kr. á mánuði. Ávinningurinn af þessari leið var augljós fyrir bæði launafólk og fyrirtæki. Einnig höfðum við Vilhjálmur Birgisson, formaður VFLA, átt í óformlegum samskiptum við SA og stjórnvöld um að fá fleiri aðgerðir inn í þennan pakka. Ef verkalýðshreyfingin væri tilbúin til að stíga óhefðbundin skref og sýna ábyrgð í stöðunni var hægt að fá heilmikið í staðinn.

Atburðarásin sem fylgdi á eftir var ótrúleg. Alþýðusambandið hafnaði þessum tillögum að öllu leiti og fengust þær ekki einu sinni ræddar á háborði miðstjórnar ASÍ. Meiri stemning virtist fyrir því að fresta launahækkunum en að styggja sértrúarsöfnuðinn um lífeyrissjóðakerfið sem enn hefur mikil ítök innan ASÍ. Úr varð að félagi Vilhjálmur Birgisson, einn langöflugasti verkalýðsleiðtogi landsins, sagði af sér sem varaforseti ASÍ, í kjölfarið sögðu undirritaður og varaformaður VR sig úr miðstjórn.

Fljótlega eftir þetta byrjuðum við að teikna upp hugmyndir og mögulegar leiðir í stöðunni. Sú vinna skilaði fullmótuðum framsæknum hugmyndum um það hvernig bregðast mætti við tekjufalli þeirra sem náðu ekki endum saman með hraðvirkum hætti. Hugmynd okkar var einföld og gerði ekki greinarmun á skuldbindingum sem geta verið fjölmargar og mismunandi hjá fólki. Hún fangaði þá sem þurftu mest á stuðningi að halda og var sértæk, ekki almenn. Almennar aðgerðir eru kostnaðarsamar og ná ekki endilega utan um vandann. Eftir Vestmannaeyjargosið árið 1973 hefði engum dottið í hug að fara í almenna aðgerð eins og að gefa öllum landsmönnum skattaafslátt eða hækka barnabætur. Þannig varð hugmyndin að stuðningslánum til heimilanna til. Að grípa þá sem mest þurftu á því að halda og veita framfærslustuðning sem ekki hefði áhrif á annan stuðning til skerðingar. Kostnaðurinn yrði brot af því sem fyrirtækin höfðu fengið í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Við héldum áfram baráttunni við að ná niður vöxtum og lækka kostnað við að lifa sem hefur skilað félagsmönnum okkar kjarabótum sem nemur tugum þúsunda króna á mánuði. Í samstarfi við Neytendasamtökin hófum við undirbúning að málsókn á hendur bönkunum, sem ekki hafa skilað vaxtalækkunum til neytenda nema að litlu leiti. Hlutdeildarlánin, sem VR tók virkan þátt í að koma á, urðu að veruleika, það er barátta sem hefur skilað ungu fólki og tekjulágum betri möguleikum á húsnæðismarkaði, en nú stefnir í alvarlegan húsnæðisskort og höfum við þrýst á þjóðarátak í þeim málum. VR tók forystu í að koma af stað nýju leigufélagi sem heitir Blær. Stefnan er að gera leigu að öruggum og hagkvæmum valkosti til búsetu. Fólk á leigumarkaði á að búa við sambærilegt öryggi og þeir sem búa í eigin húsnæði. Í tilefni af 130 ára afmæli félagsins á starfsárinu samþykkti stjórn VR að fjármagna og hefja byggingu á 36 íbúða blokk í Úlfarsárdal í gegnum Blæ.

ÁVARP FORMANNS

Lífeyrissjóðsmálin voru í brennidepli nú sem oftar og úr varð eitt allsherjar fjölmiðlafár vegna framgöngu stjórnenda Icelandair í garð félagsmanna okkar sem störfuðu hjá félaginu, margir hverjir með áratuga starfsreynslu. Steininn tók úr þegar stjórnendur ákváðu að fara freklega gegn grundvallarsamningsrétti stéttarfélaganna sem varð til þess að stjórn VR og forseti ASÍ, og fleiri félög, hvöttu lífeyrissjóði til að sniðganga hlutafjárútboð Icelandair. Við töldum það stríða gegn samþykktum sjóðanna að fjárfesta í fyrirtækjum sem brytu gegn samningsréttinum. Úr varð að stjórnendur Icelandair og SA sáu að sér og drógu til baka fyrri aðgerðir og viðurkenndu að hafa farið gegn lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Verkalýðshreyfingin dró þá til baka fyrri yfirlýsingar um aðkomu lífeyrissjóðanna. Niðurstaðan varð að nokkrir sjóðir ákváðu að taka ekki þátt í útboðinu á meðan aðrir lífeyrissjóðir ákváðu að vera með. Hinsvegar virtist allt fárið beinast að Lífeyrissjóði verzlunarmanna þar sem klofningur um málið varð í stjórn sjóðsins og atvinnurekendur urðu undir með tilheyrandi látum og tilhæfulausum ásökunum um afskipti VR eða hæfi stjórnarmanna okkar í sjóðnum, þrátt fyrir að ákvarðanir hafi verið teknar eftir ítarlegt og faglegt mat. Áhættan þótti einfaldlega of mikil í samanburði við aðra fjárfestingarkosti.

Eftir að við gerðum breytingar á stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2019 hafa tvö síðustu ár verið þau bestu í sögu sjóðsins. Það er staðreynd sem fáir tala um. Lífeyrisgreiðslur munu hækka til þeirra sem taka út lífeyri vegna þess hversu vel hefur gengið. Staðreyndir tala sínu máli.

VR tók áfram slaginn með Gráa hernum og tók stjórn VR þá ákvörðun að kosta að fullu málsókn gegn ríkinu vegna skerðinga á ellilífeyri. Öldungaráð VR tók formlega til starfa.

Fjórða iðnbyltingin og tæknibreytingar hellast nú yfir okkur af fullum þunga og tók VR forystu í þessum málum í góðri samvinnu við stjórnvöld og atvinnulífið með því að koma á stafrænu hæfnisetri og stafrænu hæfnismati og menntun á framhalds- og háskólastigi þar sem starfsreynsla er metin til fulls. Einnig er VR að beita sér fyrir atvinnulýðræði þar sem starfsfólk fær aðgang að stjórnum fyrirtækja og verður þannig beinn þátttakandi í þeim miklu breytingum sem framundan eru.

Orlofsmálin eru alltaf ofarlega á baugi og hefur félagið tvöfaldað fjölda orlofshúsa á nokkrum árum. Í tilefni af 130 ára afmæli félagsins festum við kaup á fjórum nýjum heilsárshúsum í Hálöndum á Akureyri en ásókn í orlofshús VR hefur aldrei verið meiri. Ætla má að áhrif Covid hafi þar mikið að segja þar sem flestir landsmenn hyggja á ferðir innanlands í sumar.

Mikið og aukið álag hefur verið á sjúkrasjóði stéttarfélaganna síðustu ár og hefur sjúkrasjóður VR ekki farið varhluta af þeirri þróun. Þau gleðitíðindi urðu hinsvegar á seinnihluta árs að í fyrsta skipti í nokkur ár voru greiðslur sjúkradagpeninga undir áætlunum og virðist sú ógnvænlega þróun sem átt hefur sér stað í greiðslum sjúkradagpeninga í rénun og verður fróðlegt að fylgjast með hvort það haldi áfram.

Eftir heldur erfitt ár á vettvangi ASÍ þar sem mikil átök áttu sér stað var ákveðið að leita leiða til að sætta mismunandi sjónarmið innan sambandsins. Ákveðið var að leggja til á rafrænu þingi að fjölga í varaforsetateyminu og að formaður VR tæki sæti 3ja varaforseta. Þannig átti að gera tilraun til að þétta raðir hreyfingarinnar á nýjan leik. Sú tillaga var samþykkt með auknum meirihluta atkvæða og var þingi svo frestað eftir kjör forseta og miðstjórnar, fram á haust 2021.

Starfsárið einkenndist af fjarfundum og nánast engir opnir viðburðir haldnir. Aðstæður voru afar sérstakar þar sem þrjár smitbylgjur herjuðu á okkur með tilheyrandi samkomutakmörkunum og lokunum. Starfsfólk VR á sérstakt hrós skilið fyrir frábæra frammistöðu við að hlúa að þeim félagsmönnum sem misstu vinnu og endalausar hugmyndir við koma fræðslu og öðru stuðningsefni á rafrænt form og fyrirlestra til að styðja við okkar félagsmenn.

Formanns- og stjórnarkjör var haldið í VR í mars sem lauk með því að undirritaður hlaut 65% greiddra atkvæða. Um leið og þakklætið er mér efst í huga er skrítið til þess að hugsa að vera fyrsti formaðurinn í sögu félagsins til að ná endurkjöri eftir mótframboð. VR hefur meiri breidd innan sinna raða en nokkurt annað stéttarfélag sem gerir það að mikilli áskorun að móta stefnur og kröfugerðir. Formaður og ný stjórn þurfa að greina niðurstöðuna og sjá hvað við getum gert betur fyrir þá hópa sem telja sig jaðarsetta innan félagsins ásamt því að halda áfram kraftmikilli vinnu.

Félagið hefur aukið hlut sinn á íslenskum vinnumarkaði sem þýðir að við erum að stækka þó fækkað hafi lítillega í félaginu vegna atvinnuleysis. Traust til forystu og stefnu félagsins er með því mesta sem mælst hefur og ánægja með þjónustu VR er í hæstu hæðum. Það hefur sjaldan verið mikilvægara en nú að við sem þjóð snúum bökum saman og leggjumst á eitt til að komast út úr þeirri niðursveiflu sem nú stendur yfir. Ég vil þakka stjórn, trúnaðarráði, starfsfólki og félagsmönnum öllum fyrir viðburðaríkt og gott starfsár og hlakka til að takast á við nýjar áskoranir með nýju fólki á komandi starfsári.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

STJÓRN VR
STARFSÁRIÐ 2020 - 2021

Ragnar Þór Ingólfsson formaður
Harpa Sævarsdóttir varaformaður
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir ritari

Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon og Þorvarður Bergmann Kjartansson.

Varamenn: Sigmundur Halldórsson, Þórir Hilmarsson og Jóhann Már Sigurbjörnsson.








Þann 27. janúar árið 1891 var Verzlunarmannafélag Reykjavíkur stofnað á fundi í veitingahúsinu Hermes við Lækjargötu í Reykjavík og fagnaði félagið því 130 ára afmæli á starfsárinu. Af því tilefni var haldinn hátíðarfundur stjórnar VR á afmælisdeginum í gamla Lækjargötuhúsinu sem nú stendur á Árbæjarsafni. Þá stóð félagið fyrir hátíðardagskrá sem sýnd var á vef þess og fréttavefnum visi.is þar sem m.a. var rætt við fimm fyrrum formenn. Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, flutti ávarp í tilefni dagsins og Vandræðaskáld fluttu frumsamið lag um félagið. Sérstök hátíðarauglýsing var frumsýnd um miðjan mars þar sem stiklað var á stóru í sögu félagsins og minnt á hvernig VR hefur í gegnum tíðina staðið vörð bæði um vinnu- og hvíldartíma félagsmanna sinna. Auglýsingin verður birt við sérstök tækifæri á afmælisárinu.

FÉLAGIÐ LÆTUR TIL SÍN TAKA

Í afmælisriti VR, sem gefið var út í tilefni af aldarafmæli félagsins árið 1991[1], segir um aðdraganda stofnunar VR að á aðalfundi Styrktarsjóðs verslunarmanna í janúar 1891 hafi verið borin fram tillaga þess efnis að verslunarmenn stofni með sér samtök. Það mál vannst hratt og vel og var stofnfundurinn haldinn rúmum tveimur vikum síðar. Th. Thorsteinsson hafði orð fyrir nefndarmönnum og sagði að „félagið skyldi efla samstöðu verslunarstéttarinnar og halda skemmtisamkomur og gefa félagsmönnum kost á að fræðast af lestri blaða og bóka." (afmælisrit VR, 1. bindi, bls. 26). Félagið fékk formlega heitið Verzlunarmannafélag Reykjavíkur og var Th. Thorsteinsson kosinn fyrsti formaður þess.

Íbúar Reykjavíkur voru um fjögur þúsund þegar VR var stofnað og varð félagið strax mjög fyrirferðarmikið í félagslífi Reykvíkinga. Málfundir voru haldnir á vegum félagsins sem og dansleikir og jólatrésskemmtanir sem voru kærkomin tilbreyting um aldamótin 1900 því skemmtanalíf var þá mjög fábreytt.

Félagið stóð einnig fyrir vinsælum útiskemmtunum og bar þar hæst skemmtun á frídegi verslunarmanna. Tildrög þess dags voru þau að félagsmenn veltu fyrir sér árið 1894 möguleikanum á að fara í skemmtiferð með gufubátnum Elínu þá um sumarið. Það tókst ekki en í staðinn var ákveðið að gefa verslunarmönnum frí fimmtudaginn 13. september sama ár og halda hátíð þar sem gengið yrði undir fánum og söng frá Lækjartorgi að Ártúnum. Þessi frídagur verslunarmanna festist svo í sessi, þó að dagsetningin sjálf hafi breyst.

FRÚ HANSEN FYRST KVENNA Í VR

Stofnendur VR voru allir karlmenn og ekki var gert ráð fyrir konum í lögum félagsins. Níu árum eftir stofnun félagsins kom til sög-













unnar frú Laura Hansen sem sætti sig ekki við að þurfa að standa utan félags og sótti um inngöngu haustið 1900, enda þótt slíkt væri í raun ekki heimilt samkvæmt lögum félagsins. Á félagsfundi þann 3. nóvember árið 1900 var umsókn hennar samþykkt eftir miklar umræður og lögum félagsins breytt á aðalfundi árið eftir. Þetta var fyrsta skrefið af mörgum í áratugalangri baráttu VR fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði, baráttu sem stendur enn.

STÉTTARFÉLAGIÐ VR

Grunnurinn að því hvernig VR breyttist smátt og smátt í hagsmunasamtök launafólks undir miðbik 20. aldar var lagður þegar 70 félagar úr Verzlunarmannafélaginu Merkúr (1913 – 1934) gengu til liðs við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur en Merkúr var fyrst og fremst stéttarfélag í nútíma skilningi. Fyrstu áratugina eftir stofnun var VR sameiginlegt félag launafólks og atvinnurekenda. Á aðalfundi VR hinn 28. febrúar 1955 var hins vegar samþykkt samhljóða að eingöngu launafólk skyldi vera félagsmenn í VR. Í lögum félagsins var þá kveðið á um að félagið væri stéttarfélag verslunar- og skrifstofufólks og að það skyldi vera aðili að Landssambandi verslunarmanna og Alþýðusambandi Íslands. Um þremur árum síðar voru félagsmenn orðnir um tvö þúsund talsins. Á síðustu árum hefur VR sameinast nokkrum verslunarmannafélögum og er í dag fjölmennasta stéttarfélag landsins með hátt í fjörutíu þúsund félagsmenn. Á aðalfundi VR árið 2006 var samþykkt að breyta nafni félagsins úr Verzlunarmannafélag Reykjavíkur í VR.

Á þeim árum sem liðin eru síðan VR var stofnað hefur félagið átt aðild að mörgum mikilvægum framfaramálum í þjóðfélaginu og margir merkir áfangar náðst í réttindabaráttu verslunar- og skrifstofufólks. Þar má nefna stofnun Sjúkrasjóðs og Orlofssjóðs, lengingu veikindaréttar og styttingu vinnuvikunnar sem náðist eftir harða baráttu. En félagið hefur einnig þurft að takast á við erfiðar hindranir. Það þurfti úrskurð félagsdóms til að Landssamband íslenzkra verzlunarmanna (LÍV), sem stofnað var árið 1957, fengi aðgang að Alþýðusambandi Íslands um miðbik sjötta áratugar síðustu aldar, jafnvel þó VR væri á þeim tíma eitt stærsta stéttarfélag landsins og aðili að LÍV. Það var einnig barátta fyrir félagsmenn VR að fá aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði á sjöunda áratugnum með samskonar rétt og annað félagsfólk í ASÍ. Á vefsíðu VR, www.vr.is, er hægt að lesa nánar um helstu áfanga í sögu félagsins frá árinu 1955.

[1] Afmælisrit VR var gefið út í þremur bindum af Vöku-Helgafelli. Lýður Björnsson sagnfræðingur ritaði.

ÁHRIF COVID-19 Á STARFSEMI OG ÞJÓNUSTU VR

Í upphafi árs 2020 gætti fyrst áhrifa Covid-19, faraldurs kórónuveirunnar, á Íslandi. Fljótlega var ljóst að áhrifin á vinnumarkaðinn og launafólk yrðu mikil þó ekki lægi fyrir hversu lengi þau myndu vara. Félagið brást strax við og hefur farið eftir þeim tilmælum sem sóttvarnaryfirvöld hafa gefið út frá upphafi faraldursins. Þjónusta við félagsmenn færðist að stórum hluta á netið og móttöku félagsins á skrifstofum þess var lokað hluta ársins. Covid-19 faraldurinn setti þannig mark sitt á félagsmenn VR, störf þeirra og starfsumhverfi sem og þjónustu félagsins allt starfsár stjórnar 2020 - 2021.

STAÐA STARFSFÓLKS Í VERSLUN OG ÞJÓNUSTU Í FARALDRI

Starfsfólk í verslun og annarri þjónustu starfar margt í miklu návígi við helstu smitleið veirunnar. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, benti á það ítrekað í umfjöllun á vef félagsins og hvatti viðskiptavini verslana og þjónustuaðila til að gæta ýtrustu varkárni og fylgja þeim reglum sem settar hafi verið. Félagið fór jafnframt í herferð þar sem hvatt var til kurteisi í samskiptum. Fyrirtæki brugðust flest fljótt og vel við þegar kom að aðbúnaði afgreiðslufólks og starfsfólks í ýmiss konar þjónustu, m.a. með því að tryggja 2ja metra fjarlægð milli starfsfólks og viðskiptavina þar sem þess var krafist, með því að leggja til hlífðarbúnað af ýmsu tagi og möguleika til sóttvarna á vinnustað fyrir bæði starfsfólk og viðskiptavini.

Í upphafi faraldursins, þegar fjarvinna var að aukast umtalsvert, bárust sérfræðingum kjaramálasviðs fjölmargar fyrirspurnir um réttarstöðu starfsfólks hvað það varðar. Þá bárust nokkrar ábendingar um að fyrirtæki færu ekki að settum sóttvarnarreglum en í flestum tilfellum leystust þau mál með aukinni upplýsingagjöf. Ábendingar bárust einnig frá atvinnurekendum um að starfsfólk færi ekki eftir fyrirmælum, t.d. varðandi grímuskyldu á vinnustað þar sem ekki var hægt að tryggja tveggja metra regluna. Slík mál voru einnig leiðrétt. Í engu tilfelli var þörf á frekari aðgerðum af hálfu félagsins.

BREYTINGAR Á ÞJÓNUSTU VR VIÐ FÉLAGSMENN

Þjónusta VR færðist að stórum hluta á netið strax vorið 2020, hvort sem var kjaramálatengd þjónusta, önnur sérhæfð þjónusta, fundir eða fyrirlestrar og námskeið. Reynslan af því var mjög góð, fleiri félagsmenn utan höfuðborgarsvæðisins gátu nýtt sér þjónustuna og líklegt að félagið muni halda áfram að bjóða ákveðna þætti þjónustu sinnar rafrænt eftir að sóttvörnum lýkur.

Þjónusta kjaramálasviðs sem og annarra deilda félagsins tók óhjákvæmilega breytingum þegar móttöku félagsmanna á skrifstofum félagsins var lokað en hún var lokuð í 155 virka daga á starfsárinu og 28 daga var opið fyrir móttöku gagna. Opið var fyrir fyrirframbókuð viðtöl við sérfræðinga. Sérfræðingum félagsins var skipt í aðskilda hópa til að tryggja að félagsmenn væru ávallt með aðgang að þjónustunni, en hafa ber í huga að sérfræðingarnir eru staðsettir á skrifstofum félagsins víða um land. Þjónustan var veitt í gegnum síma, tölvupóst eða á Facebook. Þeim sem óskuðu eftir fundi með sérfræðingi var boðið upp á fjarfund þegar móttakan var lokuð, en reynslan hefur sýnt að rafræn þjónusta nægir í flestum tilfellum. Þegar félagsmenn gátu sótt þjónustu til sérfræðinga félagsins í eigin persónu á starfsárinu var öllum sóttvarnartilmælum fylgt í hvívetna, m.a. með grímuskyldu og öðrum sóttvörnum.

Einstaklingum í þjónustu hjá VIRK hefur staðið til boða ýmis fjarþjónusta eins og fjarsjúkraþjálfun og fjarlíkamsrækt sem og fjarviðtöl hjá sálfræðingum og ráðgjöfum. Þetta var gert til að tryggja að þjónustan væri áfram veitt þrátt fyrir samkomutakmarkanir. En stærstan hluta tímabilsins frá því Covid-19 faraldurinn hófst hefur einstaklingum í þjónustu VIRK þó staðið til boða að koma og hitta sinn ráðgjafa hjá VR, að uppfylltum öllum sóttvarnartilmælum.

Strax var gripið til ráðstafana til að tryggja þjónustu á nýjum vettvangi og mæta auknu álagi í síma, tölvupósti og öðrum rafrænum leiðum. Sérstök síða var opnuð á vef félagsins með öllum upplýsingum um réttindi og skyldur þar sem m.a. var leitast við að svara spurningum um breytt starfsumhverfi félagsmanna og réttarstöðu vegna faraldursins. Þá var reiknivél birt á vefnum í tengslum við hlutabótaúrræði stjórnvalda þar sem félagsmenn gátu reiknað breytingu á launum sínum að teknu tilliti til minnkaðs starfshlutfalls. Aukin áhersla var lögð á samskipti við félagsmenn og upplýsingagjöf á samfélagsmiðlum.

Orlofshúsum og -íbúðum sem eru í útleigu hjá VR var lokað tímabundið í byrjun apríl vegna tilmæla sóttvarnaryfirvalda vegna samkomubanns sem sett var á vegna faraldursins. Sóttvarnir voru efldar í húsunum og þau voru opnuð aftur þegar slakað var á samkomutakmörkunum.

SÉRTÆK ÞJÓNUSTA VIÐ FÉLAGSMENN Í ATVINNULEIT

Vorið 2020 var ljóst að fjölmargir félagsmenn myndu missa vinnuna vegna efnahagslegra áhrifa Covid-19 faraldursins. Þá þegar var hafist handa við að hanna sértæka þjónustu við félagsmenn í atvinnuleit og hafa margvísleg úrræði verið í boði frá og með hausti 2020. Boðið er upp á stöðufundi með félagsmönnum og aðstoð við framsetningu ferilskráa og kynningarbréfa. Félagsmönnum standa til boða æfingaviðtöl með endurgjöf sem og eftirfylgni í umsóknarferlinu. Fjölmörg námskeið og fyrirlestrar hafa verið í boði, m.a. hópmarkþjálfunarnámskeið. Flest úrræðin voru lengi vel eingöngu rafræn, nema stöku námskeið. Í byrjun mars höfðu rúmlega 100 félagsmenn nýtt sér þessa nýju þjónustu atvinnuráðgjafa VR. Að meðaltali er fundað þrisvar sinnum með hverjum félagsmanni, um klukkustund í senn. Rúmlega þriðjungur þeirra sem notið hafa aðstoðar er af erlendu bergi brotinn.

FYRIRLESTRAR OG FUNDIR Á NETIÐ

Allir fyrirlestrar sem VR bauð upp á voru rafrænir frá vori 2020, hvort sem var styttri eða lengri fyrirlestrar. Hið sama á við um flest námskeið þó að einhver hafi verið haldin í fundarsal VR í Reykja-



vík, að uppfylltum öllum sóttvörnum. Reynslan sýnir að fleiri félagsmenn sækja fyrirlestra og námskeið á rafrænu formi, ekki síst utan höfuðborgarsvæðisins. Fundir stjórnar félagsins voru flestir rafrænir á starfsárinu sem og fundir undirnefnda og framkvæmdastjórna sjóða VR.

FRESTUN AÐALFUNDAR

Aðalfundur VR fyrir starfsárið 2019 – 2020 var haldinn á tímum mikilla samkomutakmarkana þann 25. mars 2020, í samræmi við lög félagsins og gildandi sóttvarnarreglur. Lýst var kjöri stjórnar og trúnaðarráðs. Á fundinum var svohljóðandi tillaga samþykkt:

„Aðalfundur VR, haldinn miðvikudaginn 25. mars 2020 á Hilton Nordica Hótel, samþykkir þá dagskrárbreytingu aðalfundar að aðeins eitt mál verði tekið fyrir fundinn sem er að lýsa kjöri stjórnar og trúnaðarráðs félagsins sbr. niðurstöðu allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu sem lauk þann [13. mars 2020]. Að því búnu verði fundi frestað og framhaldsaðalfundur haldinn svo fljótt sem auðið er eftir að samkomubanni stjórnvalda léttir."

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Öðrum dagskrárliðum var frestað, þar með talið innlögn í VR varasjóð. Framhaldsaðalfundur var haldinn þann 9. júní það sama ár.

AÐGERÐIR FYRIR LAUNAFÓLK Í FARALDRI

Í ársskýrslu fyrir starfsárið 2019 – 2020 var sagt frá þríhliða samkomulagi stjórnvalda, verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda í mars 2020 um aðgerðir vegna Covid-19 faraldursins sem m.a. tryggði launafólki launagreiðslur í sóttkví. Í sama mánuði kynntu stjórnvöld fyrstu efnahagsaðgerðir sínar vegna faraldursins undir yfirskriftinni Varnir, Vernd, Viðspyrna. Heildarumfang aðgerðanna var metið á um 230 milljarða króna. VR gagnrýndi aðgerðirnar þegar þær voru kynntar, þær tækju ekki til versnandi stöðu launafólks heldur væru einkum í þágu fyrirtækjanna. Fleiri aðgerðapakkar voru kynntir á næstu mánuðum, aðstoð við fyrirtækin var mjög umfangsmikil en að mati VR skorti verulega á að stutt væri við launafólk á vinnumarkaði á sambærilegan hátt.

Aðgerðir stjórnvalda í þágu launafólks vegna Covid-19 fólust meðal annars í framlengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta en réttur til þeirra fór úr þremur mánuðum í sex mánuði. Stjórnvöld heimiluðu einnig úttekt séreignarsparnaðar vegna faraldursins, sem VR gagnrýndi á þeim forsendum að launafólk væri þannig að greiða fyrir sín eigin úrræði með því að ganga á sparnað sinn. Í febrúar 2021 höfðu verið greiddir út um 25 milljarðar króna af séreignarsparnaði launafólks.

VR kynnti síðla árs hugmynd að sértækum stuðningi við launafólk sem hafði orðið fyrir atvinnumissi og tekjufalli vegna Covid-19. VR lagði til að launafólki byðist stuðningslán með 100% ríkisábyrgð og að afsláttur yrði veittur af heildartekjuskatti til að mæta afborgunum að fullu. Heimilin fengju slíka lánalínu til allt að 18 mánaða sem myndi gera þeim kleift að standa straum af skuldbindingum sínum. Sett var á laggirnar nefnd með fulltrúum stjórnvalda og vinnumarkaðarins sem átti að skoða hugmyndina en í byrjun mars 2021 hafði hún ekki skilað af sér. VR fór í auglýsingaherferð til að kynna hugmyndina í byrjun árs 2021, sjá bls. 25.

KJARAMÁL

ÞJÓNUSTA KJARAMÁLASVIÐS

Vegna Covid-19 faraldursins var móttaka félagsmanna lokuð hluta ársins og veittu sérfræðingar kjaramálasviðs félagsmönnum þjónustu rafrænt. Þá mánuði sem móttakan var opin á árinu 2020, komu að meðaltali um 14 félagsmenn á fund kjaramálasérfræðinga á hverjum virkum degi, sem er sambærilegt og árið 2019.


Sérfræðingar kjaramálasviðs stofnuðu alls 1.695 ný mál á árinu 2020 sem er 22,5% fækkun frá fyrra ári en þá voru málin 2.187. Mál eru stofnuð ef frekari aðstoðar er þörf en hægt er að veita í fyrstu heimsókn á skrifstofu eða símleiðis. Á árinu 2020 voru nokkuð færri mál stofnuð en árið áður og má rekja það til þess að vel tókst að ljúka málum í gegnum tölvupóstsamskipti eða í síma og ekki talin þörf á að stofna mál. Ef frá eru talin atvinnuleyfi fyrir erlenda félagsmenn voru ný mál alls 1.469 samanborið við 1.920 á árinu 2019. VR veitti því 226 umsagnir um atvinnuleyfi á árinu 2020 eða aðeins færri en á árinu áður þegar þær voru 267. Af 226 umsögnum um atvinnuleyfi á árinu 2020 voru 95 vegna nýrra leyfa en 131 vegna framlengingar á atvinnuleyfi. Umsögn stéttarfélags um atvinnuleyfi felur m.a. í sér að félagið gangi úr skugga um að laun séu ekki undir lágmarksákvæðum kjarasamninga. Í febrúar 2019 var tekið í notkun miðlægt netfang kjaramálasérfræðinga og var 66% fleiri tölvupóstum svarað á árinu 2020 en sama tímabili árið áður. Alls bárust sérfræðingum sviðsins 6.885 tölvupóstar árið 2020.

Félagsmenn með erlent ríkisfang voru 10,9% af heildarfjölda félagsmanna að meðaltali árið 2020 en voru 36% þegar litið er til heildarmálafjölda kjaramálasviðs það ár. Það er svipað hlutfall og árið 2019 þegar það var 33%.


Fjöldi mála í vinnslu og kröfur í þrotabú

Um áramótin 2020 til 2021 var VR með 140 mál í vinnslu, þar af voru 82 mál hjá lögmanni félagsins. Alls voru 109 af þessum málum vegna ársins 2020, 22 mál má rekja til ársins 2019 en 9 mál voru þaðan af eldri.

Fjöldi kjaramála 2019 og 2020



Atvinnuleysi, fjöldi félagsmanna



Á árinu 2020 sótti VR kröfur fyrir alls 234 félagsmenn í þrotabú 49 fyrirtækja. Af þeim voru kröfur fyrir einn til tvo starfsmenn í 32 þrotabúum.

Lán til félagsmanna

Félaginu er heimilt að veita félagsmönnum lán þegar viðkomandi fá ekki greidd útistandandi laun við gjaldþrot fyrirtækis sem þeir starfa hjá. Á grundvelli reglnanna var 23 félagsmönnum veitt lán vegna 6 gjaldþrota fyrirtækja á árinu 2020, samtals að upphæð 6,1 m.kr.

KJARASAMNINGAR

Eins og greint var frá í ársskýrslu starfsárið 2019 – 2020 var skrifað undir kjarasamning við Samtök atvinnulífsins fyrir hönd **Rio Tinto** vegna starfsfólks í álverinu í Straumsvík þann 18. mars 2020. Atkvæðagreiðslu um saminginn lauk þann 27. mars 2020 og var hann samþykktur með 92,3% atkvæða félagsmanna VR og Hlífar. Nei sögðu 5,8% og 1,9% tóku ekki afstöðu.

Samningurinn var skammtímasamningur með þeim fyrirvara að fyrirtækið næði samningum fyrir lok júní 2020 við Landsvirkjun um verð á raforku. Það gekk ekki eftir og þegar samningaviðræður um nýjan kjarasamning skiluðu engu var boðað til atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun hjá fyrirtækinu í lok september. Félagsmenn VR felldu boðun verkfalla á jöfnu, fimm sögðu já, fjórir sögðu nei og einn tók ekki afstöðu en meirihluta greiddra atkvæða þarf til að samþykkja verkfall. Félagsmenn hinna fimm verkalýðsfélaganna



hjá fyrirtækinu samþykktu verkfallsaðgerðir. Í byrjun nóvember náðist hins vegar samkomulag um framlengingu kjarasamnings milli fyrirtækisins annars vegar og VR og Verkalýðsfélagsins Hlífar hins vegar. Í atkvæðagreiðsla um samninginn var hann samþykktur með ríflega 90% atkvæða. Samningurinn gildir til loka maí 2021.

Eftir að samningaviðræður um nýjan kjarasamning við **Norðurál** runnu út í sandinn um mitt ár 2020 var boðað til kosninga um verkfallsaðgerðir félagsmanna VR sem starfa hjá fyrirtækinu sem og annars starfsfólks. Atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun lauk þann 29. júlí og var samþykkt með 95% atkvæða að hefja ótímabundið yfirvinnubann og, í framhaldi af því, verkfall frá og með 1. desember 2020, ef ekki næðist samningur fyrr. Á kjörskrá var 71 félagsmaður VR, atkvæði greiddi 21, já sögðu 20 en 1 sagði nei. Eftir fundahöld hjá ríkissáttasemjara náðist hins vegar kjarasamningur um miðjan október sem borinn var undir atkvæði starfsfólks allra stéttarfélaga hjá fyrirtækinu. Kosningin var sameiginleg og var samningurinn samþykktur með 89,2% atkvæða. Samningurinn er í öllum meginatriðum samhljóma Lífskjarasamningnum og kveður m.a. á um styttingu vinnutíma hjá dagvinnufólki. Hann er afturvirkur frá 1. janúar 2020 og gildir til 31. desember 2024.

VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Árið 2010 tók gildi samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Eftirlitið annast fulltrúar sem heimilt er að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði sem undir lögin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsfólk starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Eftirlitsfulltrúar VR eru tveir, annar er með starfsstöð á Selfossi en hinn í Reykjavík.

Covid faraldurinn hefur haft afgerandi áhrif á þennan þátt í starfsemi stéttarfélaga. Hvorki vildu stéttarfélög verða til þess að dreifa veiru milli vinnustaða með heimsóknum eftirlitsfulltrúa né fyrirtæki fá heimsóknir frá utanaðkomandi. Tilmæli sóttvarnaryfirvalda og reglugerðir heilbrigðisyfirvalda voru því með þeim hætti að eftirlitinu var hætt tímabundið. Skráningar á vegum VR í gagnagrunn eftirlitsins voru því aðeins rúmlega 300 á árinu 2020 en voru um 2.000 árið 2019. Frá og með 1. mars 2021 heimilaði sóttvarnarlæknir vinnustaðaeftirlitið að nýju, að teknu tilliti til sóttvarnarreglna sem í gildi eru á hverjum tíma.

Á starfsárinu fór fram allsherjarendurskoðun á vinnubrögðum og verkferlum við eftirlitið auk þess sem nú stendur yfir vinna við

enduskoðun á skráningarkerfinu. Markmiðið er að auka hagræði og flýta skráningarferlinu í framtíðinni.

DÓMSMÁL

Af heildarfjölda mála sem komu til kasta kjaramáladeildar VR árið 2020 fóru 60 mál til lögmanns VR til frekari innheimtu, að gjaldþrotamálum frátöldum. Alls var 19 málum lokið með sátt án aðkomu dómstóla en þrjú fóru fyrir héraðsdóm. Á árinu fór lögmaður VR með alls 14 mál fyrir dóm, þar af voru tvö í Landsrétti. Hér að neðan er stuttlega fjallað um tvö mál sem fóru fyrir dómstóla á árinu.

Í september 2020 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness fyrirtæki til að greiða félagsmanni VR rúmar 1,3 milljónir króna í vangoldin laun og orlof. Málavextir voru þeir að félagsmaðurinn sagði upp störfum í verslun með kjarasamningsbundnum þriggja mánaða fyrirvara. Nokkrum dögum síðar var honum sagt upp fyrirvaralaust og farið var fram á að hann kæmi ekki aftur til starfa. Atvinnurekandinn hélt því m.a. fram að félagsmaðurinn hafi stolið kerti úr versluninni, mætt illa, skráð fleiri vinnustundir en hann hefði unnið og hlaupist á brott úr starfi. Þá hefði félagsmaðurinn reykt rafsígarettur í versluninni fyrir framan viðskiptavini.

Félagsmaðurinn leitaði til VR sem sendi kröfu til fyrirtækisins um laun á uppsagnarfresti, orlof og uppbætur þar sem ekki hafi verið skilyrði fyrir hendi fyrir fyrirvaralausri uppsögn. Atvinnurekandi hélt því fram að það að félagsmaðurinn hafi hlaupist á brott úr starfi og brotið það alvarlega gegn ráðningarsambandi að það réttlæti niðurfellingu launagreiðslna á uppsagnarfresti. Á þetta var ekki fallist fyrir dómi. Hvað varðar ætlaðan þjófnað var litið til þess að starfsmenn höfðu heimild fyrir því að skrifa vörur á sig og gáfu framlagðir launaseðlar það til kynna. Jafnframt kom í ljós samkvæmt myndefni úr versluninni að viðkomandi félagsmaður hafi ekki afgreitt vöruna heldur annar starfsmaður. Jafnframt lá fyrir að viðtakandi vörunnar sagði að um misskilning hefði verið að ræða og hefði sá greitt fyrir vöruna og beðist afsökunar. Að mati dómsins var framangreint atvik ekki talið það alvarlegt að



það réttlætti fyrirvaralausa uppsögn. Að lokum var ekki talið að nein gögn styddu það að félagsmaðurinn hefði reykt rafsígarettu í versluninni.

Í október 2020 féll dómur í Landsrétti sem varðaði tómlæti en tómlæti er skilgreint sem hirðuleysi um rétt sinn, þ.e.a.s. starfsmaður sem veit að hann á vangoldna launakröfu en hirðir ekki um að innheimta hana. Félagsmanni VR og atvinnurekanda greindi á um hvort félagsmaðurinn hefði fengið laun sín greidd að fullu í samræmi við ráðningarsamning og kjarasamning. Félagsmaðurinn krafðist greiðslu á grundvelli ákvæða í ráðningarsamningi um fasta greiðslu vegna skerts hvíldartíma og milliferða.

Árið 2018 féll dómur í Hæstarétti sem staðfesti dóm héraðsdóms árið áður um greiðsluskyldu fyrirtækisins á grundvelli framangreinds ákvæðis í samningi aðila. Félagsmaðurinn leitaði til VR í kjölfar héraðsdómsins og óskaði eftir að innheimt yrði samsvarandi greiðsla fyrir hann. Fyrirtækið hafnaði greiðsluskyldu þar sem krafan væri fallin niður á grundvelli fyrningar og tómlætis.

Af hálfu félagsmannsins var því haldið fram að krafan liti að lágmarkskjörum og að sú skylda hvíldi á fyrirtækinu að framfylgja samningnum. Fyrirtækið gæti ekki skapað sér betri rétt með því að inna ekki greiðsluna af hendi. Starfsmaðurinn hafi fyrst fengið vitneskju um vangoldin laun þegar dómur héraðsdóms lá fyrir á árinu 2017 í máli annars starfsmanns. Af hálfu fyrirtækisins var því haldið fram að starfsmaðurinn hafi starfað á árinu 2009 og aldrei gert athugasemdir við launin og því hafi félagið verið í góðri trú um að það væri búið að gera upp. Því hvíldi trúnaðar- og tillitsskylda á starfsmanninum að gera athugasemdir sem hann hafi ekki gert.

Í niðurstöðu dómsins segir að félagsmaðurinn hafi starfað hjá fyrirtækinu árin 2009, 2010, 2013, 2014 og 2015. Af lestri launaseðla hefði honum ekki getað dulist að hin svokallaða sérstaka greiðsla hefði aldrei verið innt af hendi til viðbótar við umsamin laun. Hann hefði ráðið sig til starfa á sömu kjörum og áður árin 2014 og 2015 án þess að gera athugasemdir við fyrri kjör. Hefði fyrirtækið því mátt ganga út frá því að félagsmaðurinn sætti sig við kjör sín að þessu leyti. Hann hafi því sýnt af sér tómlæti um gæslu réttinda sinna 2013 og 2014 sem lutu að hinni sérstöku greiðslu sem ekki var fallist á að teldist til lágmarkskjara í skilningi kjarasamnings.

Það tómlæti hefði aftur á móti ekki sjálfkrafa þau áhrif að félagsmaðurinn hefði einnig misst rétt til slíkra greiðslna 2015. Dómur Hæstaréttar væri skýr um að starfsmaður fyrirtækisins hefði átt rétt til sérstakrar greiðslu til viðbótar við fasta greiðslu. Þá hefði verkalýðsfélag annars starfsfólks haft samband við fyrirtækið vegna starfskjara félagsmanna sinna áður en félagsmaður VR hefði lokið störfum 2015. Fyrirtækið hefði enga ástæðu haft til að ætla að félagsmaðurinn myndi ekki gera sömu kröfur og þar komu fram. Voru kröfur félagsmannsins því teknar til greina vegna ársins 2015.

STYRKVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI VR

Varðandi tekjur árið 2020 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

	2020		2019	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkradagpeningar	1.267	1.756.260.118	1.335	1.919.709.464
Dánarbætur	96	45.047.550	131	52.378.275
Örorkubætur	11	19.092.990	10	17.432.730
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	114	21.423.245	113	20.737.769
Bætur og styrkir til félagsmanna samtals*	**1.458**	**1.841.823.903**	**1.552**	**2.010.258.238**
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga		18.511.044		17.175.798

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka

SJÚKRADAGPENINGAR 2019 OG 2020

Greiðslur sjúkradagpeninga til félagsmanna lækkuðu á milli áranna 2019 og 2020 en undanfarin ár hafa þær hækkað jafnt og þétt í takt við fjölgun í helstu sjúkdómaflokkum, helst þó geðröskunum og stoðkerfisvanda. Greiðslur sjúkradagpeninga á árinu 2020 námu alls kr. 1.756.260.118 sem er um 8,5% lægri upphæð en árið 2019 en um 8,3% lægra, að teknu tilliti til launaþróunar og fjölgunar félagsmanna á milli ára.

Stærsti einstaki sjúkdómaflokkurinn er sem fyrr geðraskanir með 36% af heildarupphæð sjúkradagpeninga árið 2020 sem er nánast það sama og árið áður. Alls fengu 1.267 félagsmenn dagpeninga samanborið við 1.335 árið áður sem er 5,1% fækkun milli ára.

Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum sjóðsins hækkaði mikið á milli áranna 2017 og 2018 og náði svo hámarki árið 2019, 91,9%. Árið 2020 lækkaði þetta hlutfall og var þá 88%.

BREYTING Á REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VR

Á framhaldsaðalfundi þann 9. júní 2020 voru samþykktar tvær tillögur að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs VR. Fyrri tillagan snýr að 10. gr. um sjúkra- og slysadagpeninga. Þar segir nú að það ákvæði reglugerðarinnar að sjúkradagpeningar greiðist ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, gildi einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin séu vátryggingarskyldu. Breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR taka ekki gildi fyrr en að fenginni samþykkt Alþýðusambands Íslands en slík heimild hefur ekki fengist fyrir ofangreindri breytingu.

Seinni tillagan snýr að sama máli en er breyting á 12. gr. um slysabætur. Þar segir nú að ákvæðið um að slysabætur greiðist




ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, gildi einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin séu vátryggingarskyldu.

Þessar breytingar má rekja til breytinga á lögum um ökutækjatryggingar nr. 30/2019 þess efnis að ökutæki sem eingöngu eru ætluð til aksturs utan vega eða í brautum og skráð eru sem torfærutæki séu undanþegin vátryggingaskyldu en áður var skylt að tryggja ökumann á slíkum tækjum. Í janúar 2020 samþykkti stjórn VR breytingar á starfsreglum sjóðsins í ljósi þessarar breytinga og var fjallað um það í ársskýrslu fyrir starfsárið 2019 -2020.

FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2020 - 2021

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir sem er formaður, Arnþór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Selma Árnadóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. **Varamaður:** Þórir Hilmarsson.

Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum



FRÆÐSLUMÁL



STARFSMENNTAMÁL

Á árinu 2020 voru greiddar tæplega 722 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við rúmlega 698 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er 3,4%.

Umsóknir félagsmanna VR um styrk árið 2020 voru alls 10.274 en voru 10.501 árið áður. Á árinu 2020 fengu 714 félagsmenn greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk en þeir voru 665 árið 2019.

Starfsmenntanefnd VR

Starfsmenntanefnd VR hefur verið starfrækt frá árinu 2013. Meðal verkefna hennar eru VR-Skóli lífsins, Stafræna hæfnihjólið, aðkoma að heilsteyptu námi í verslun sem tengist milli skólastiga og byggir á hæfnigreiningu starfa og aðkoma að fagnámi í verslun og þjónustu. Á starfsári stjórnar 2020-2021 var lögð lokahönd á Menntastefnu VR ásamt ítarlegri aðgerðaráætlun (sjá bls. 23). Í stefnunni er áhersla lögð á aukna hæfni félagsmanna, samvinnu innan skólasamfélagsins, upplýsingagjöf til félagsmanna sem og raunfærnimat og ráðgjöf.

Stafræna hæfnihjólið

Frá nóvember 2019 hefur VR boðið félagsmönnum og landsmönnum öllum upp á rafrænt sjálfsmatspróf að danskri fyrirmynd, Stafræna hæfnihjólið, sem gerir félagsmönnum kleift að kortleggja betur eigin stafræna hæfni og kynna þeim þá þætti sem flokkast almennt undir þá hæfni. Á því rúma ári sem sjálfsmatsprófið hefur verið aðgengilegt hafa rúmlega fimm þúsund manns metið eigin stöðu. Hlutfall kynja er nokkuð jafnt og eykst þátttakan með hækkandi lífaldri og nær hámarki í aldurshópnum 45-54 ára. Niðurstöður hvers og eins einstaklings birtast honum í geislariti sem byggir á 16 mismunandi grunnþáttum sem eru síðan teknir saman í fjóra meginþætti stafrænnar hæfni; upplýsingar, samskipti, framkvæmd og öryggi. Í lok árs 2020 voru helstu gögn út frá niðurstöðum þátttakenda tekin saman og birt í 4. tbl. VR blaðsins 2020.

VR tekur þátt í undirbúningi að stofnun Stafræns klasa

VR ásamt Samtökum verslunar og þjónustu og Háskólanum í Reykjavík tekur þátt í undirbúningi að stofnun Stafræns klasa en stjórnvöld hafa einnig samþykkt aðkomu að stofnun hans. VR sér mikil tækifæri í stofnun Stafræns klasa til þess að vinna að hagsmunum félagsmanna þegar kemur að þeim hröðu breytingum sem yfirvofandi eru á vinnumarkaði vegna fjórðu iðnbyltingarinnar.

Þróun náms í verslun og þjónustu

Á árinu 2020 hóf fyrsti hópur göngu sína í fagnámi og raunfærnimati í verslun og þjónustu í samstarfi Mímis og Verzlunarskóla Íslands, VR og Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ). Þróunarhópur með fulltrúum Verzlunarskóla Íslands, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Mímis og þriggja samstarfsfyrirtækja fundaði reglulega yfir árið. Tuttugu manna hópur hóf nám í janúar 2020 og luku 18 raunfærnimati. Um haustið hófu aðrir 20 nemendur göngu sína í fagnámi og raunfærnimati. Fyrsta útskrift í náminu var svo

haldin í desember þegar þrír nemendur útskrifuðust með fagpróf og einn af þeim með stúdentspróf samhliða.

Diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun er samstarfsverkefni Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með aðkomu fulltrúa Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Námið er fyrsta fagháskólanámið sem þróað er á Íslandi. Diplómanámið hóf göngu sína 2018 og árið 2020 var 31 nemandi skráður í námið sem er 13 fleiri nemendur en árið á undan.

Fræðslustjóri að láni

Á árinu 2020 bættust þrjú fyrirtæki í hóp fyrirtækja sem tekið hafa þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni. Fræðslustjóri að láni er samstarfsverkefni fræðslusjóða innan Samtaka atvinnulífsins / Félags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands sem byggir á því að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins og vinnur greiningu á þörfum þess í samvinnu við stjórnendur og starfsfólk.

Starfsgreinaráð

Hlutverk starfsgreinaráða er m.a. að veita mennta- og menningarmálaráðherra ráðgjöf um málefni starfsmenntunar á framhaldsskólastigi og gefa honum umsögn um námsbrautalýsingar sem skólar leita staðfestingar á. ASÍ tilnefnir fulltrúa í öll starfsgreinaráðin og á VR fulltrúa í tveimur þeirra. Starfsgreinaráð verslunar- og skrifstofugreina er nú vistað undir hatti Menntamálastofnunar. Tveir fundir voru haldnir á árinu og fékk ráðið námsbrautina fagnám í verslun og þjónustu til umsagnar og var hún samþykkt.

Þrír fundir voru haldnir í Starfsgreinaráði matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina. Helstu verkefni tengdust þróun og vinnu við rafræna ferilbók sem Menntamálastofnum mun hafa milligöngu með í framtíðinni. Rafræna ferilbókin mun halda utan um nám nemans í skóla og á vinnustað og lýsir stíganda í námi á vinnustað og í skóla. Starfsgreinaráðið hefur það hlutverk að tryggja að hæfnikröfur þeirra greina sem falla undir ráðið verði endurskoðaðar á þriggja ára fresti og er vinna við endurskoðun nú þegar í gangi. Ráðið fékk kynningu á nýrri reglugerð um vinnustaðanám þar sem eitt af meginmarkmiðunum er að tryggja að nemendur í iðnnámi geti lokið námi og skólinn hafi það hlutverk að sjá til þess að nemandinn fái tækifæri til þess. Þjónusta starfsgreinaráðsins mun færast til Menntamálastofnunar frá og með 1. janúar 2021.

8.020

félagsmenn VR fengu fræðslustyrk á árinu 2020.

722 m. kr.


Á árinu 2020 voru greiddar tæplega 722 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna.

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS OG STARFSMENNTASJÓÐS VERSLUNARINNAR

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks árið 2020 voru 719 milljónir króna og gjöld 846 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins var 889 milljón króna í lok árs 2020.

Tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar árið 2020 voru 30 milljónir króna og gjöld 24 milljónir króna. Eigið fé sjóðsins var 190 milljónir króna í lok árs 2020.

Fjöldi félagsmanna VR sem fékk fræðslustyrk



STJÓRNIR STARFSMENNTASJÓÐA STARFSÁRIÐ 2020 - 2021

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (SA) formaður, Teitur Lárusson til maí (VR), Arndís Arnardóttir (SA), Eiður Stefánsson (LÍV), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir til maí (VR), Sara Dögg Svanhildardóttir (SA), Sigurður Sigfússon frá maí (VR) og Selma Árnadóttir frá maí (VR).

Varamenn: Gils Einarsson (LÍV), Björg Ársælsdóttir (SA), Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir (VR) og Davíð Þorláksson (SA).

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR) sem er formaður, Bjarndís Lárusdóttir (FA), Selma Kristjánsdóttir (VR/LÍV) og Anna Kristín Kristjánsdóttir (FA).

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR




VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð árið 2008 og byggir á samkomulagi í kjarasamningum um nýtt fyrirkomulag í starfsendurhæfingu. Árið 2012 bættust lífeyrissjóðir í hópinn og árið 2015 var samið um aðkomu ríkisvaldsins.

Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Í dag starfa 11 starfsendurhæfingarráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þeir þjónustu við félagsmenn sem veikjast eða slasast þannig að vinnugeta þeirra skerðist. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.


HVATNING OG STUÐNINGUR

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úrræða á borð við sjúkraþjálfun, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið, heilsurækt með faglegum stuðningi og starfsendurhæfingarstöðvar. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Á árinu 2020 voru 464 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 316 voru útskrifaðir.

Fjöldi VR félaga í þjónustu hjá Virk



Framfærslustaða félagsmanna í lok þjónustu VIRK 2020



Á árinu 2020 voru 76 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 20 orlofshús og 1 hótelherbergi á árinu. Útleigur ársins 2020 voru 5.532 samanborið við 4.920 árið 2019. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

NÝTING ORLOFSHÚSA 2019 - 2020

Auk húsa í eigu félagsins tók VR á leigu fjölmörg orlofshús sumarið 2020 og endurleigði til félagsmanna. Orlofshús VR voru lokuð frá föstudeginum 3. apríl til og með 4. maí vegna Covid-19 faraldursins. Í maí var nánast eingöngu um að ræða helgarleigur.

Nýting orlofshúsa

	Fjöldi húsa	Fjöldi gistinátta 2020	Nýting 2020	Nýting 2019
Akureyri	15	3.141	57,5%	70,3%
Miðhúsaskógur	26	5.305	56,1%	46,4%
Einarsstaðir	3	692	63,4%	58,4%
Húsafell	6	1.403	64,2%	57,2%
Flúðir	5	1.194	65,6%	61,3%
Reykjavík	3	803	73,5%	81,3%
Ölfusborgir	4	979	67,2%	71,8%
Fljótshlíð	2	413	56,7%	58,9%
Grímsnes	4	954	65,5%	64,9%
Svignaskarð	3	578	67,1%	0
Önnur VR hús	5	969	57,4%	55,9%
Leiguhús (sumar)	20	1.633	87,0%	95,7%
Samtals	**96**	**18.064**	**61,9%**	**60,4%**

Nýting 2020 a.t.t til lokana vegna Covid-19 67%

FRAMKVÆMDASTJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2020 - 2021

Sigurður Sigfússon sem er formaður, Harpa Sævarsdóttir, Selma Grétarsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Þórir Hilmarsson.

Varamenn: Selma Árnadóttir og Benedikt Vilhjálmsson.

UM ORLOFSHÚSIN

Á hátíðarfundi í tilefni af 130 ára afmæli VR þann 27. janúar 2021 samþykkti stjórn félagsins að kaupa fjögur ný orlofshús í Hálöndum við Akureyri en VR á fyrir fjögur hús á svæðinu. Fyrirhugað er að taka húsin í notkun í byrjun árs 2022.

Farið var í málningar- og viðhaldsvinnu í flestum húsum félagsins á þeim tíma þegar þau voru lokuð vegna samkomutakmarkana sóttvarnaryfirvalda og lokið var við verkstæði- og lagerhúsnæði sem og íbúð umsjónarmanns á orlofshúsasvæði félagsins í Miðhúsum.

AFSLÁTTARMIÐAR OG KORT, SAMSTARF VIÐ FERÐAÞJÓNUSTUAÐILA

VR bauð félagsmönnum sínum afslátt í flug með Icelandair á árinu 2020 en sala bréfanna var mun minni en ella vegna Covid-19 faraldursins. Alls var selt 2.751 gjafabréf Icelandair á árinu 2020 samanborið við 7.856 árið 2019.

VR selur einnig flugmiða innanlands með Flugfélaginu Erni og afsláttarmiða í pakkaferðir með Úrval Útsýn. Á árinu 2020 voru seldir 154 miðar með innanlandsfluginu og 6 miðar í pakkaferðir. Þá selur VR félagsmönnum sínum veiði- og útilegukort og voru 1.308 kort seld á árinu 2020.

VR fór í samstarf við innlenda ferðaþjónustuaðila með það að markmiði að bjóða félagsmönnum VR afslætti eða sérstök tilboð sumarið 2020. Þá niðurgreiddi VR leigu tjaldvagna, fellihýsa eða hjólhýsa af viðurkenndum leiguaðilum yfir sumarmánuðina.

5.532

Útleigur ársins 2020 voru 5.532 samanborið við 4.920 árið 2019.



ÁLYKTANIR, YFIRLÝSINGAR OG FUNDIR, NEFNDIR



YFIRLÝSING FRÁ STJÓRN VR VEGNA SAMNINGS UM KAUPMÁTTARTRYGGINGU

Á fundi stjórnar VR þann 1. apríl 2020 var samþykkt yfirlýsing vegna ágreinings í samninganefnd Alþýðusambands Íslands um aðgerðir á vinnumarkaði vegna Covid-19 faraldursins. Í yfirlýsingunni var bent á mikilvægi þess að spyrna við fótum gegn eyðandi afli atvinnuleysis og verðbólgu sem gæti gert að engu þann kaupmáttarávinning sem hafi náðst með ábyrgum kjarasamningum. „Stjórn VR hugnast ekki að fresta umsömdum launahækkunun 1. apríl, frekar að launafólk leggi sín lóð á vogarskálarnar til að tryggja kaupmátt með því að samþykkja tímabundna lækkun mótframlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði úr 11,5% í 8% gegn því að atvinnulífið haldi að sér höndum við verðhækkanir og verðbólga fari þannig ekki yfir 2,5% á árinu." Stjórnin hvatti samninganefnd ASÍ til þess að endurskoða afstöðu sína til þessa máls í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu.

ÁLYKTUN STJÓRNAR VR VEGNA ÓGREIDDRA LAUNA Í BORGARLEIKHÚSINU

Á fundi stjórnar VR þann 13. maí 2020 sendi stjórn frá sér ályktun þar sem þess var krafist að Borgarleikhúsið greiddi starfsfólki í lægra en 45% starfshlutfalli tafarlaust umsamin laun samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga, en leikhúsið hafði ekki greitt laun fyrir aprílmánuð til þess starfsfólks. Starfsfólkið hafði ekki rétt til hlutabóta vegna lágs starfshlutfalls.

YFIRLÝSINGAR FRÁ STJÓRN VR VEGNA MÁLEFNA ICELANDAIR

Þann 17. júlí 2020 beindi stjórn VR þeim tilmælum til stjórnarmanna félagsins sem VR skipar í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að sniðganga eða greiða atkvæði gegn þátttöku í fyrirhuguðu hlutafjárútboði Icelandair. Þann 24. júlí sama ár dró stjórnin yfirlýsinguna til baka.

VR STYÐUR BARÁTTUNA GEGN KYNÞÁTTAMISRÉTTI

Þann 14. ágúst 2020 samþykkti stjórn VR yfirlýsingu þar sem félagið tók skýrt fram að það styddi af heilum hug baráttuna gegn rasisma og teldi verkalýðshreyfingunni skylt að standa þétt með þeim sem heyja þá baráttu.

FUNDIR STARFSÁRIÐ 2020 - 2021

Stjórn VR fundaði alls 16 sinnum á starfsárinu, þar af var einn hátíðarfundur í tilefni af 130 ára afmæli félagsins og einn vinnufundur stjórnar. Langflestir fundir stjórnar á starfsárinu voru rafrænir.

Trúnaðarráð VR fundaði fimm sinnum á starfsárinu.

Alls var haldinn einn **félagsfundur** á starfsárinu, þann 4. mars 2021 þar sem frambjóðendur til formanns og stjórnar kynntu áherslur sínar. Fundurinn var rafrænn.



Aðalfundur var haldinn þann 25. mars 2020, í samræmi við 23. gr. laga félagsins sem kveður á um að fundinn skuli halda fyrir lok apríl ár hvert og eigi síðar en 14 dögum eftir að allsherjaratkvæðagreiðsla til stjórnar hefur farið fram en henni lauk þann 13. mars 2020. Í ljósi samkomubanns yfirvalda og aðstæðna í þjóðfélaginu á þessum tíma var fundurinn með óhefðbundnu sniði en í upphafi hans var samþykkt sú dagskrárbreyting að eina mál á dagskrá væri að lýsa kjöri stjórnar og trúnaðarráðs. Að því búnu var fundinum frestað um óákveðinn tíma. Af þessum sökum frestuðust öll önnur hefbundin dagskráratriði. Framhaldsaðalfundur var haldinn 9. júní 2020.

Ársfundur deildar VR á Austurlandi fyrir árið 2020 var haldinn 8. júní það ár. Kristín María Björnsdóttir er formaður deildarinnar, kosin árið 2020 til tveggja ára. Aðrir í stjórn eru Gunnar Heiðberg Gestsson, sem var kosinn aðalmaður til tveggja ára árið 2020 og Ellen Rós Baldvinsdóttir sem var kosin aðalmaður árið 2019 til tveggja ára. Varamenn eru Stefán Bjarnar Guðmundsson, kosinn árið 2020 til tveggja ára, og Ingunn Kjartansdóttir og Páll Jóhann Kristinsson, bæði kosin árið 2019 til tveggja ára.

Ársfundur deildar VR á Suðurlandi fyrir árið 2020 var haldinn 15. júní það ár. Gils Einarsson er formaður deildarinnar, kosinn árið 2019 til tveggja ára. Aðrir aðalmenn í stjórn eru Arndís Anna Sveinsdóttir, kosin árið 2020 til tveggja ára, og Ásta Björk Ólafsdóttir, kosin árið 2019 til tveggja ára. Varamenn eru Jónas Yngvi Ásgrímsson, kosinn árið 2019 til tveggja ára, og Sigríður Erlingsdóttir og Haraldur Pálsson, bæði kosin árið 2020 til tveggja ára.

Ársfundur deildar VR í Vestmannaeyjum fyrir árið 2020 var haldinn 20. maí það ár. Þórhildur Ragna Karlsdóttir er formaður deildarinnar, kosin árið 2019 til tveggja ára. Aðalmenn eru Jósef Róbertsson og Ragna Steina Snæfells, bæði kosin til ársins 2021. Varamenn eru Guðný Hrefna Einarsdóttir, Birgitta Karen Guðjónsdóttir og Jón Örvar van der Linden, en öll eru kosin til ársins 2021.

44. þing Alþýðusambands Íslands (ASÍ) var sett þann 21. október 2020. Yfirskrift þingsins var „Réttlát umskipti". Þingið var rafrænt og stutt, rúmar fjórar klst., og voru eingöngu brýn málefni afgreidd. VR átti 90 fulltrúa á þinginu. Kosið var í embætti á þinginu og samþykkt var tillaga að fjölga varaforsetum úr tveimur í þrjá. Þriðji varaforseti var kosinn Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna. Vegna samkomutakmarkana sóttvarnaryfirvalda hefur þinginu verið frestað fram á haust 2021.

NEFNDIR OG STJÓRNIR

Í uppstillinganefnd 2020 til 2021 sitja Ragnar Þór Ingólfsson sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Helga Bryndís Jónsdóttir, Magnús Þorsteinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Stefán Viðar Egilsson. Varamenn eru Ágústa Harðardóttir, Þórður Mar Sigurðsson, Steinar Viktorsson og Silja Hlín Guðbjörnsdóttir. Hlutverk uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingu nefndarinnar. Auglýst var 12. janúar 2021 og var framboðsfrestur til hádegis 22. janúar 2021. Uppstillinganefnd VR samþykkti svo lista stjórnar og trúnaðarráðs á fjarfundi síðar þann sama dag og var hann lagður fyrir fjarfund trúnaðarráðs þann 26. janúar þar sem hann var samþykktur. Á listanum var 41 fulltrúi en helmingur trúnaðarráðs er í kjöri hvert ár.

Í launanefnd sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem er formaður, Bjarni Þór Sigurðsson og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra félagsins.

Í húsnæðisnefnd sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem er formaður, Arnþór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Jóhann Már Sigurbjörnsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Selma Árnadóttir. Varamaður er Þorvarður Bergmann Kjartansson. Húsnæðisnefnd ber að móta skýra og heildræna stefnu í húsnæðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsmanna.

Í laganefnd sitja Sigmundur Halldórsson sem er formaður, Arnþór Sigurðsson, Helga Ingólfsdóttir, Harpa Sævarsdóttir og Sigurður Sigfússon. Varamaður er Friðrik Boði Ólafsson. Hlutverk laganefndar er að yfirfara og koma með tillögur til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

ÁLYKTANIR, YFIRLÝSINGAR OG FUNDIR, NEFNDIR

Í framtíðarnefnd sitja Friðrik Boði Ólafsson sem er formaður, Fríða Thoroddsen, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Sigmundur Halldórsson og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Varamaður er Þórir Hilmarsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins og viðbrögð þess við breytingum í samfélaginu hverju sinni.

Í starfsmenntanefnd sitja Sigmundur Halldórsson sem er formaður, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Grétarsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. Varamaður er Jóhann Már Sigurbjörnsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta skýra stefnu og verkferla félagsins í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsmanna.

Í jafnréttis- og mannréttindanefnd sitja Fríða Thoroddsen sem er formaður, Friðrik Boði Ólafsson, Selma Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Þorvarður Bergmann Kjartansson. Varamaður er Bjarni Þór Sigurðsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á sviði jafnréttis og mannréttinda á vinnumarkaði til að styrkja stöðu félagsmanna, án allrar aðgreiningar.

Í kjaramálanefnd / nefnd um félagsaðild sitja Sigríður Lovísa Jónsdóttir sem er formaður, Arnþór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Jóhann Már Sigurbjörnsson og Jónas Yngvi Ásgrímsson. Varamaður er Bjarni Þór Sigurðsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta kröfugerð félagsins í kjarasamningaviðræðum.



Í styrkjanefnd sitja Þórir Hilmarsson sem er formaður, Helga Ingólfsdóttir, Selma Grétarsdóttir, Sigurður Sigfússon og Þorvarður Bergmann Kjartansson Varamenn eru Bjarni Þór Sigurðsson og Friðrik Boði Ólafsson. Markmið með styrkveitingum VR er að styðja við þá starfsemi sem eflir félagsmenn, bætir stöðu þeirra og er lyftistöng menningarmála í landinu.

Í umhverfisnefnd sitja Helga Ingólfsdóttir sem er formaður, Friðrik Boði Ólafsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson og Sigrún Guðmundsdóttir. Varamaður er Þórir Hilmarsson. Hlutverk nefndarinnar er að vinna markmið og aðgerðaáætlun í samræmi við umhverfisstefnu VR.

Í framkvæmdstjórn Vinnudeilusjóðs VR sitja Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir. Varamaður er Helga Ingólfsdóttir. Hlutverk sjóðsins er að veita félagsmönnum VR, sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkbanna, fjárhagsaðstoð.

Í öldungaráði sitja Ragnar Þór Ingólfsson, Auður Dóra Haraldsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigurlaug Haraldsdóttir og Steinar Viktorsson. Öldungaráð er forystusveit Öldungadeildar VR sem er umræðu- og samráðsvettvangur félagsmanna VR 60 ára og eldri.

Í fulltrúaráði VR fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna sitja allir fimmtán aðalmenn í stjórn félagsins auk tíu annarra. Hlutverk fulltrúaráðsins er m.a. að staðfesta tilnefningar til stjórnar lífeyrissjóðsins og hafa eftirlit og aðhald með störfum stjórnarinnar. Í fulltrúaráði sitja eftirtaldir fyrir hönd VR en kosið var í ráðið sumarið 2020: Arnþór Sigurðsson, Áslaug Alexandersdóttir, Benedikt Ragnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Björn S. Lárusson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir, Hafdís Erla Kristinsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Jóhann Bjarni Knútsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Pálmey Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Viðar Egilsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Unnur Elva Arnardóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson og Þórður Birgisson.

Í kjörstjórn VR sitja Magnús Norðdahl frá ASÍ sem er formaður, Þorsteinn Þórólfsson og Þóra Skúladóttir Öfjörð. Varamenn eru Stefán Viðar Egilsson og Silja Hlín Guðbjörnsdóttir. Varamaður Magnúsar er Halldór Oddsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ.

ERLEND SAMSKIPTI

Árlega er haldin ráðstefna stéttarfélaga í verslun og þjónustu til skiptis í höfuðborgum Norðurlanda en vegna Covid-19 faraldursins féll hún niður árið 2020.

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA UM KJÖR VEGNA FRAMBOÐA TIL TRÚNAÐARSTARFA

Þann 29. janúar 2021 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2021 til 2023. Auglýst var eftir framboðum til formanns, sjö sæta í aðalstjórn VR til tveggja ára og þriggja til vara sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 8. febrúar 2021. Alls bárust tvö einstaklingsframboð til formanns og 11 einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin. Ekkert mótframboð barst gegn lista trúnaðarráðs VR í listakosningu í trúnaðarráð félagsins og telst hann því löglega kjörinn. Listi yfir kjörna fulltrúa í trúnaðarráði er birtur á vef félagsins.

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærra félagsmanna hófst kl. 9:00 að morgni 8. mars 2021 og lauk kl. 12:00 á hádegi þann 12. mars. Atkvæðagreiðslan var rafræn. Atkvæði greiddu 10.346 en á kjörskrá voru 35.919. Kosningaþátttaka var því 28,8% sem er mesta þátttaka í kosningum til forystu VR.

Atkvæði til formanns féllu þannig að Ragnar Þór Ingólfsson fékk 6.526 atkvæði eða 63,08% af greiddum atkvæðum og Helga Guðrún Jónasdóttir fékk 3.549 atkvæði eða 34,3%. Þeir sem tóku ekki afstöðu voru 2,62% af heild eða 271.

Atkvæði til stjórnar féllu þannig að Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir fékk 3.843 atkvæði eða 12,13% af greiddum atkvæðum, Helga Ingólfsdóttir fékk 2.757 atkvæði eða 8,7%, Jón Steinar Brynjarsson fékk 2.698 atkvæði eða 8,51%, Sigurður Sigfússon fékk 2.600 atkvæði eða 8,21%, Kristjana Þ. Jónsdóttir fékk 2.566 atkvæði eða 8,1%, Harpa Sævarsdóttir fékk 2.521 atkvæði eða 7,96%, Þórir Hilmarsson fékk 2.433 atkvæði eða 7,68%, Jónas Yngi Ásgrímsson fékk 2,408 atkvæði eða 7,6%, Sigríður Hallgrímsdóttir fékk 2.387 atkvæði eða 7,53%, Arnþór Sigurðsson fékk 2.211 atkvæði eða 6,98% og Sigmundur Halldórsson fékk 2.101 atkvæði eða 6,63%. Alls tóku 3.162 eða 9,98% ekki afstöðu.

Til formanns VR fékk Ragnar Þór Ingólfsson kosningu til tveggja ára.

Til stjórnar VR fengu eftirtaldir kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Jón Steinar Brynjarsson
Helga Ingólfsdóttir
Sigurður Sigfússon
Kristjana Þ. Jónsdóttir
Þórir Hilmarsson
Harpa Sævarsdóttir

Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs:

Jónas Yngvi Ásgrímsson
Sigríður Hallgrímsdóttir
Arnþór Sigurðsson

STJÓRNARHÆTTIR

Starfsemi VR byggir á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum VR sem birt eru á vefsíðu félagsins. Stjórn VR starfar samkvæmt starfsreglum sem ætlað er að tryggja að starfshættir hennar séu í samræmi við almenna góða stjórnarhætti. Stjórn og starfsfólk VR starfar að auki samkvæmt siðareglum samþykktum af stjórn sem m.a. miða að auknu gagnsæi, ábyrgð og heiðarleika í allri hagsmunagæslu félagsins fyrir félagsmenn. Í þjónustu og starfsemi félagsins leggur VR áherslu á gildi félagsins sem eru framsækni, fagmennska og forysta. Starfsreglur og siðareglur stjórnar félagsins eru birtar á vef VR, vr.is.

STEFNUR VR

Stjórn VR hefur samþykkt stefnur sem varða rekstur og starfsemi félagsins sem og hagsmunagæslu þess. Allar stefnur VR eru birtar á vef félagsins, vr.is. Hér að neðan er fjallað um nýjar stefnur og/eða breytingar á áður birtum stefnum. Ekki er birt umfjöllun um stefnur sem ekki hafa tekið breytingum milli ára.

Menntastefna VR

Menntastefna VR var tekin til gagngerrar endurskoðunar innan starfsmenntanefndar félagsins, bæði hvað varðar inntak og framsetningu, og var ný og breytt stefna samþykkt á fundi stjórnar VR í desember 2020. Ítarleg aðgerðaráætlun var einnig samin og samþykkt. Markmið stefnunnar er að tryggja félagsmönnum VR þann möguleika að þróast í starfi á íslenskum vinnumarkaði og leggur VR áherslu á að félagsmönnum gefist kostur á að bæta við sig aukinni hæfni í takt við tæknibreytingar og stafræna þróun í íslensku samfélagi. VR leggur einnig áherslu á samvinnu innan skólakerfisins, upplýsingagjöf til félagsmanna og náms- og starfsráðgjöf.

LAGABREYTINGAR

Á framhaldsaðalfundi þann 9. júní 2020 lagði stjórn fram þrjár tillögur til breytinga á lögum félagsins sem allar voru samþykktar. Sú fyrsta sneri að gr. 3 um félagsaðild. Þar var bætt við aftast í fyrstu málsgrein að sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eigi ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll. Önnur breytingin varðaði gr. 11 um hæfi stjórnarmanna og segir þar nú að stjórnarmenn, og ef við á stjórnarmenn sjóða, skuli starfa á starfssviði VR. Þriðja breytingin varðar gr. 25 um félagsfundi. Þar segir nú að mál, sem ekki hafi verið greind í auglýstri dagskrá félagsfundar sé ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum en gera megi ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins. Þar er einnig nú tiltekið að stjórn sé heimilt að boða fund með skemmri fyrirvara en almennt segir í lögunum, vegna sérstakra ástæðna.

STARFSEMI ÞJÓNUSTUDEILDAR 2020

Fulltrúar þjónustudeildar VR svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, svo sem varasjóð, starfsmenntasjóðina, Sjúkrasjóð VR, orlofshús og kjaramál. Heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustu-

STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

veri VR í Reykjavík á árinu 2020 var 5.341 sem er um þriðjungur af því sem var árið 2019 en rekja má þessa fækkun til þess að móttaka félagsmanna var lokuð stóran hluta ársins vegna Covid-19 faraldursins. Árið 2019 var heildarfjöldi afgreiðslna í þjónustuverinu í Reykjavík 16.448.

Heildarfjöldi símtala til félagsins á árinu var 48.647 sem er um 5,6% fækkun frá árinu á undan þegar heildarfjöldinn var hátt í 52 þúsund. Símtölum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum í takt við fjölgun rafrænna fyrirspurna og aukinnar notkunar á vefsvæði VR. Alls bárust 14.010 fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is á árinu 2020 en árið 2019 voru þær ríflega 15 þúsund. Hafa verður í huga að á netfang kjaramálasviðs félagsins bárust ríflega þrjú þúsund fyrirspurnir árið 2020 en tæplega tvö þúsund árið áður en netfangið var tekið í notkun í febrúar 2019. Heildarfjöldi tölvupósta til VR árið 2020 var því 17.573. Þjónustuver VR er starfrækt á skrifstofum félagsins í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Egilsstöðum og Selfossi.

FÉLAGATAL

Félagatal

Ár	Konur	Karlar	Samtals	Fullgildir félagsmenn við áramót	Snertingar við félagið
1997	9.540	5.441	14.981		21.319
1998	10.361	6.023	16.384		23.997
1999	11.286	6.602	17.888		26.457
2000	12.026	7.138	19.164		28.826
2001	12.601	7.470	20.071		29.342
2002	12.747	7.605	20.352		28.609
2003	12.964	8.023	20.987		29.442
2004	13.511	8.695	22.206		31.509
2005	13.871	9.351	23.222		34.395
2006	15.465	10.584	26.049		36.641
2007	16.014	11.423	27.437		40.464
2008	16.802	11.974	28.776		40.761
2009	16.491	11.574	28.065		37.527
2010	16.584	11.703	28.287		37.580
2011	16.804	12.036	28.840	24.319	38.152
2012	17.022	12.452	29.474	25.185	39.062
2013	17.072	12.709	29.781	25.760	39.278
2014	17.353	13.020	30.373	26.045	40.090
2015	17.672	13.430	31.102	26.573	41.368
2016	18.481	14.332	32.813	27.893	43.641
2017	19.250	15.981	35.231	29.977	46.866
2018	19.952	16.075	36.029	30.867	47.506
2019	20.700	16.675	37.375	32.320	48.326
2020	19.876	16.627	36.503	31.942	45.893

Athugið að tölur yfir félagsmenn frá árinu 2011 eru tviskiptar, annars vegar sýna þær heildarfjölda félagsmanna og hins vegar fjölda fullgildra félagsmanna við áramót hvert ár. Upplýsingar um sambærilega skiptingu liggja ekki fyrir árin 1997 – 2010. Að auki erubirtar tölur yfir snertingar við félagið en þær sýna fjölda einstaklinga sem greiðir félagsgjald a.m.k. einu sinni tiltekið ár.

HEIMSMARKMIÐIN

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin eru 17 talsins og snerta mörg þeirra starfsemi og hagsmunabaráttu VR með beinum eða óbeinum hætti. Félagið leitast við að uppfylla markmiðin í sínum rekstri og þjónustu, en þau sem fjallað er um hér að neðan eru meðal þeirra sem snerta baráttu félagsins með beinum hætti:



Engin fátækt

Stéttarfélög leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn hungri með því að gæta að hagsmunum launafólks, ekki bara hvað snertir launamál og hækkun lágmarkslauna heldur einnig því sem snýr að heilsu, endurhæfingu, atvinnuleysi, húsnæði, o.fl.



Heilsa og vellíðan

Með öflugum sjúkrasjóði leggur VR sín lóð á vogarskálarnar hvað þetta markmið varðar auk frumkvæðisvinnu um starfsendurhæfingu og aðkomu að stofnun og rekstri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs. Varasjóður veitir heilsueflandi styrki.



Menntun fyrir alla

VR leggur mikla áherslu á mikilvægi menntunar félagsmanna sinna, bæði með rekstri öflugra starfsmenntasjóða og VR varasjóðs en einnig með því að vinna að nýjum námsleiðum fyrir launafólk, símenntun, raunfærnimati, o.fl.



Jafnrétti kynjanna

VR hefur verið í fararbroddi stéttarfélaga á Íslandi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Félagið hefur m.a. farið í herferðir og ýtti úr vör jafnlaunavottun um leið og jafnlaunastaðall var samþykktur hér á landi svo fátt eitt sé nefnt.



Góð atvinna og hagvöxtur


Þótt barátta stéttarfélaga beinist einkum að því að auka kaupmátt þeirra sem mynda félögin er ljóst að hagsmunir launafólks og atvinnurekenda haldast í hendur. Góð atvinna byggir að auki á stöðugri réttindabaráttu stéttarfélaganna.



Aukinn jöfnuður

VR hefur verið óþreytandi í baráttu fyrir hækkun lægstu launa félagsmanna sinna og þar með auknum jöfnuði hér innanlands. Kjarabarátta VR hefur því að miklu leyti snúist um að draga úr ójöfnuði á meðal launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

Greiðslur úr VR varasjóði 2020



VR VARASJÓÐUR

VR varasjóður var stofnaður árið 2006 með það að markmiði að veita félagsmönnum meiri sveigjanleika í að nota inneign sína í sjóðum félagsins og einfalda aðkomu að henni. Yfirleitt er lagt inn í sjóðinn eftir aðalfund ár hvert, sem iðulega er haldinn í mars, en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var aðalfundi VR árið 2020 frestað (sjá bls. 11). Framlag í sjóðinn var samþykkt á framhaldsaðalfundi þann 9. júní 2020, samtals 785 milljónir króna, og lagt inn í hann að fundinum loknum. VR varasjóður er myndaður með fjármunum úr Sjúkrasjóði VR og Orlofssjóði VR en vegna versnandi afkomu Sjúkrasjóðs VR hefur framlag verið sótt úr félagssjóði síðustu ár og var það einnig svo árið 2020.

Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2020 námu alls kr. 589.399.948 og fékk 14.971 einstaklingur greitt úr sjóðnum. Langstærstur hluti fór til forvarna eða rúmlega 233 milljónir króna eða sem nemur um 40% af heildargreiðslum úr sjóðnum á árinu. Árið 2019 námu greiðslur úr sjóðnum tæplega 687 milljónum króna til 17.141 einstaklings.

Alls áttu um 61 þúsund einstaklingar réttindi í VR varasjóði í lok árs 2020 og nam heildarupphæðin 2.192 milljónum króna. Til samanburðar áttu um 59 þúsund einstaklingar réttindi í sjóðnum í lok árs 2019 að upphæð 1.938 milljónum króna.

14.971

félagsmaður fékk greitt úr VR varasjóði árið 2020, langstærstur hluti greiðslna fór til forvarna.

FÉLAGSMÁL

Félagsgjald

Á framhaldsaðalfundi VR þann 9. júní 2020 var samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, 0,7% af heildarlaunum. Lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skal þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 20 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma.

Þá var einnig samþykkt að 0,63% félagsgjalds renni í félagssjóð en 0,07% í Vinnudeilusjóð VR.

Laun stjórnarmanna

Á framhaldsaðalfundi VR þann 9. júní 2020 var samþykkt tillaga um að hækka stjórnarlaun úr kr. 51.225 á mánuði í kr. 52.427 á mánuði. Hækkunin byggir á samþykkt aðalfundar 2016 um að laun stjórnarmanna hækki / lækki í takt við launavísitölu félagsins. Um er að ræða 2,35% hækkun.

Í tillögunni var jafnframt lagt til að kr. 5.000 verði greiddar fyrir hvern setinn fund stjórnarmanns í nefndum VR. Lögð var fram breytingartillaga á fundinum þar sem ekki var gert ráð fyrir greiðslu fyrir hvern setinn fund í nefnd en henni var hafnað. Tillagan var svo samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta eftir nokkrar umræður.

VR samþykkir framlag í Blæ leigufélag

Á hátíðarfundi í tilefni af 130 ára afmæli VR þann 27. janúar 2021 samþykkti stjórnin að leggja 450 milljónir króna inn í Blæ leigufélag sem stofnað var af ASÍ og BSRB. Hlutverk Blæs er að tryggja tekjulágum fjölskyldum aðgengi að öruggu húsnæði í langtímaleigu.

VR tryggir málsókn Gráa hersins

Stjórn VR samþykkti samhljóða á fundi sínum þann 13. maí 2020 að styðja við málarekstur Gráa hersins, barátthóps eldra fólks um lífeyrismál, gegn Tryggingastofnun fyrir hönd ríkisins vegna skerðinga á ellilífeyri og heimilisuppbót á móti greiðslum frá lífeyrissjóðum. Samþykkt var að heildarstyrkur VR næmi allt að átta milljónum króna. Málshöfðunin byggir á því sjónarmiði að með skerðingu opinberra lífeyrisgreiðslna í hlutfalli við réttindi sem ellilífeyristakar hafa áunnið sér í lífeyrissjóðum sé gengið gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti lífeyristaka.

Einn réttur – ekkert svindl!

VR tekur þátt í verkefni Alþýðusambands Íslands Einn réttur – ekkert svindl! Verkefninu var hleypt af stokkunum í febrúar árið 2016 og er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi.

Mannfagnaðir

Hátíðahöld vegna **1. maí** 2020 voru með óhefðbundnu sniði 2020 vegna samkomutakmarkana og voru ekki haldnir baráttu-

fundir eins og venja er. Þess í stað var boðið upp á útsendingu frá skemmti- og baráttusamkomu sem flutt var í Hörpu að kvöldi 1. maí og sjónvarpað á RÚV.

Árlegt **kaffisamsæti eldri félagsmanna**, sem yfirleitt koma saman á uppstigningardegi ár hvert, var fellt niður árið 2020 vegna Covid-19.

VR hefur síðustu ár staðið fyrir **jólatónleikum** og **jólaballi** fyrir félagsmenn í desember en hvoru tveggja var aflýst árið 2020. Fjármunir sem ella hefðu farið í jólaball var bætt við styrk félagsins til hjálparstarfs um jólin 2020.

Styrkveitingar 2020

VR veitti styrki að upphæð 15,4 milljónir króna árið 2020 til ýmissa líknarsamtaka og stofnana. Þar af samþykkti stjórn að styrkja hjálparsamtök sem úthluta styrkjum til einstaklinga og fjölskyldna um 7,5 milljónir króna jólin 2020 sem er umtalsvert meira en undanfarin ár. Inni í jólastyrk félagsins var áætlaður kostnaður við jólaball VR sem var aflýst vegna kórónuveirunnar.

Fyrrum formaður VR gefur út bók

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 12. ágúst 2020 að styrkja útgáfu bókar Magnúsar L. Sveinssonar, fyrrverandi formanns VR, sem nefnist „Af moldargólfi í ólgusjó verkalýðsmála“ um 1,2 milljónir króna. Magnús starfaði hjá VR í 42 ár og var formaður á árunum 1980 – 2002.

RANNSÓKNIR OG KANNANIR

Fyrirtæki ársins 2020

Fyrirtæki ársins 2020, samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar VR, voru alls fimmtán. Sigurvegararnir í hópi stórra fyrirtækja með 70 starfandi eða fleiri voru LS Retail, Nova, Sjóvá, VÍS og Vörður tryggingar. Í hópi millistórra fyrirtækja þar sem starfsfólk er frá 30 til 69 talsins eru vinningsfyrirtækin Hringdu, Hvíta húsið, Miðlun, Nordic Visitor og Tengi og í hópi lítilla fyrirtækja þar sem starfa færri en 30 eru vinningsfyrirtækin Egill Árnason, Rekstrarfélag Kringlunnar, Reon, Tryggja og Vettvangur. Fimmtán efstu fyrirtæki í hverjum stærðarflokki fengu titilinn **Fyrirmyndarfyrirtæki 2020**. Könnunin var gerð í febrúar og mars 2020 og voru niðurstöður birtar um miðjan maí. Í endanlegu úrtaki voru rúmlega 36 þúsund einstaklingar og var svörun 39%.

Árleg móttaka þar sem fyrirtæki ársins eru kynnt var felld niður vegna samkomutakmarkana.

Launarannsókn 2020

Á **Mínum síðum** á vef VR er launareiknivél þar sem félagsmenn geta séð samanburð eigin launa við aðra í sambærilegu starfi. Frá árinu 2019 hefur VR birt niðurstöður þessarar reiknivélar á opnum vef tvisvar á ári, fyrir laun í febrúar og september. Launareiknivélin hefur tekið við af launakönnun VR en félagið stóð fyrir könnun á launakjörum félagsmanna sinna árlega í tvo áratugi eða til ársins 2018.

Samkvæmt niðurstöðum **launarannsóknar** var miðgildi heildarlauna félagsmanna VR að meðaltali 660 þúsund krónur í september 2020. Miðgildi grunnlauna var 653 þúsund. Launarannsókn í september 2020 byggði á um 11 þúsund skráningum eða um þriðjungi VR-félaga í mánuðinum.

ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

VR blaðið kom út fjórum sinnum á starfsárinu. Upplag var að meðaltali tæplega 24 þúsund.

Notendur vefsíðu félagsins, **vr.is**, voru að meðaltali rúmlega 36 þúsund á mánuði á starfsárinu, m.v. talningu Google analytics vefmælingarkerfisins en voru um 33 þúsund árið áður. Alls skráðu 8.203 félagsmenn sig inn á Mínar síður að meðaltali í hverjum mánuði á tímabilinu sem er 6,8% aukning frá árinu áður þegar þeir voru 7.683 að meðaltali. Aðgang að Mínum síðum hafa bæði greiðandi félagsmenn og þeir sem eiga réttindi í sjóðum félagsins.

VR var getið í **fréttum** á árinu 2020 alls 945 sinnum sem er nokkuð færra en árið áður þegar VR var getið í fréttum tæplega þrjú þúsund sinnum. Ástæðuna má rekja til umfjöllunar um félagið og málefni vinnumarkaðarins í febrúar til apríl árið 2019 vegna kjarasamningagerðar.

Herferð undir heitinu **„Takk“** var hleypt af stokkunum í apríl 2020 en kveikjan að henni er Covid-19 faraldurinn. Starfsfólk í verslun og þjónustu fann fyrir óþolinmæði af hálfu almennings þegar samkomutakmarkanir tóku gildi og var markmið herferðarinnar bæði að þakka starfsfólki fyrir að standa vaktina á erfiðum tímum og minna almenning á að gæta kurteisi í samskiptum sínum við fólk í framlínustörfum. Herferðin fól í sér sjónvarps- og útvarpsauglýsingar, vefauglýsingar, greinaskrif og auglýsingar á samfélagsmiðlum. Um var að ræða samstarfsverkefni VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna.

Haustið 2020 fór VR í sérstakt átak til að vekja athygli á félaginu og þjónustu þess. Farið var í herferð á samfélagsmiðlum undir heitinu **„Þekktu þitt VR“** og stendur hún enn. Tilgangur herferðarinnar er að vekja athygli félagsmanna á þjónustu félagsins og að beina þeim inn á vefsíðu VR þar sem frekari upplýsingar er að finna. Alls voru gerð sjö auglýsingamyndbönd um mismunandi þjónustuþætti félagsins á íslensku og ensku.

3.678

félagsmenn sóttu rafræna fyrirlestra á starfsári stjórnar 2020-2021.



Snemma árs 2021 frumsýndi VR auglýsingar til að kynna hugmynd félagsins um stuðningslán fyrir heimili sem orðið hafa fyrir atvinnumissi og tekjufalli sem rekja má til Covid-19. Í auglýsingunum, sem voru alls fjórar, var hvatt til þess að hugað sé að heimilum og fjölskyldum til jafns við fyrirtækin. Yfirskrift herferðarinnar var **„Er nokkur ósammála því?“**. Sjá nánar á bls. 11.

Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki sem tengiliðir VR við félaga sína inni á vinnustöðum. Haustið 2020 hófst átak á samfélagsmiðlum til að fjölga trúnaðarmönnum og vekja athygli á starfi þeirra, mikilvægi þess og hvernig má koma á kosningu trúnaðarmanns á vinnustað.

Fyrirlestrar, námskeið og fræðsla

VR bauð upp á 13 **rafræna hádegisfyrirlestra** á starfsárinu sem 3.678 félagsmenn sóttu og er það margfalt á við aðsókn síðustu ára. Þá voru haldin 11 **námskeið á rafrænu formi** og sóttu þau alls 609 félagsmenn sem er tæplega tvöfalt fleiri en sóttu námskeið á starfsárinu 2019 - 2020. Boðið var upp á fjögur **námskeið í sal félagsins** í Húsi verslunarinnar og sóttu þau 40 félagsmenn. Haldin voru sex **námskeið fyrir trúnaðarmenn** og sóttu þau 101 trúnaðarmaður. **Skattframtalsaðstoðin** var einnig á sínum stað og nýttu sér hana rúmlega 30 félagsmenn.

VR-Skóli lífsins

Markmið VR-Skóla lífsins er að undirbúa ungt fólk á aldrinum 16 til 24 ára fyrir þátttöku á vinnumarkaði og kynna því réttindi og skyldur í starfi. VR-Skóli lífsins er netnám og hefur verið vinsæll í framhaldsskólum. Í byrjun mars 2021 höfðu alls 7.297 einstaklingar lokið við VR-Skóla lífsins frá því að honum var komið á fót í september 2014, samanborið við 5.989 á sama tíma árið 2020. Aukning á milli ára var töluverð en aðsókn framhaldsskóla jókst samhliða aukinni fjarkennslu vegna Covid. Allt skólaárið 2019 til 2020 fóru 1.184 nemendur í gegnum netnámið en fjöldinn skólaárið 2020 til 2021 er alls 1.308 nemendur miðað við stöðuna í febrúar.

Kynningar fyrir nemendur

VR hefur síðastliðna tvo áratugi staðið fyrir kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði í efsta bekk grunnskóla og í flestum framhaldsskólum á félagssvæði sínu. Starfsmenn VR hafa heimsótt skólana síðustu ár en á þessu starfsári var þjónustunni breytt yfir á rafrænt form vegna Covid. Rafræn útgáfa af grunnskólakynningunni var send á 44 grunnskóla og sýnd 2.794 nemendum á félagssvæði VR á starfsárinu 2020 til 2021. Níu grunnskólar nýttu sér spurningatíma með starfsmanni VR í gegnum samskiptaforrit en margir kennarar völdu að stýra umræðum sjálfir eftir að kynningin var sýnd. Engin framhaldsskólakynning fór fram á starfsárinu en bókuðum kynningum í framhaldsskólum var frestað vorið 2020 og rafrænn kynningarmöguleiki fyrir framhaldsskólana var ekki í boði á haustönn.

SKIPULAG SKRIFSTOFU VR

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, á Akranesi, Selfossi og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fjögur svið sem eru kjaramálasvið, fjármála- og rekstrarsvið, þjónustu- og mannauðssvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

VR fylgir skýrum stefnum um starfsemi skrifstofu félagsins. Í gæðahandbók VR eru m.a. birtar eftirfarandi stefnur sem varða störf starfsfólks, aðstöðu þeirra, réttindi, heilsu og öryggi og falla undir viðmið um samfélagsábyrgð (ESG, Environmental, Social, Governance): Starfsmannastefna, jafnréttisstefna skrifstofu, heilbrigðisstefna skrifstofu, innri upplýsingastefna, stefna um upplýsingaöryggi, stefna gegn einelti og kynferðislegri áreitni og persónuverndarstefna.

Engin vinnuslys voru skráð á skrifstofu félagsins á árinu 2020. Upplýsingar um kynjaskiptingu starfsfólks, stjórnar og undirnefnda er að finna á bls. 5.

Sóttvarnir á skrifstofu

Í upphafi Covid-19 faraldursins var starfsemi félagsins metin m.t.t. samkomutakmarkana og sóttvarna og var þjónustuliðum forgangsraðað. Öryggisnefnd VR fundaði reglulega með framkvæmdastjóra og forstöðumönnum til að tryggja að farið væri að öllum reglum. Upplýsingagjöf til starfsfólks var efld og rafrænir fundir haldnir reglulega. Starfsfólki var í fyrstu bylgju faraldursins skipt í tvo hópa sem skiptust á að sinna vinnu sinni á skrifstofunni og að heiman, þar sem því var við komið. Skrifstofum félagsins var skipt í sóttvarnarhólf og var enginn samgangur þar á milli. Þegar hægt var að opna skrifstofur og móttöku á nýjan leik var farið að tilmælum sóttvarnaryfirvalda hvað varðar fjölda sem koma mátti saman og tryggðar nægjanlegar sóttvarnir. Nánast

STARFSEMI OG REKSTUR FÉLAGSINS

allir fundir starfsfólks voru haldnir í fjarfundi frá og með vori 2020 í ljósi samkomutakmarkana og sóttvarna. Sjá nánar um áhrif á þjónustu félagsins á bls. 10-11.

Starfsmenn skrifstofu

Í byrjun mars 2021 voru 69 starfandi hjá VR í rúmlega 61 stöðugildi. Frá 1. mars 2020 til 28. febrúar 2021 hættu eftirtaldir störfum hjá félaginu: Guðleifur Guðmundsson á fjármála- og rekstrarsviði, Teitur Lárusson á kjaramálasviði og Inga Hanna Ingólfsdóttir á þjónustu- og mannauðssviði. Á sama tímabili hófu eftirtaldir störf: Snorri Elís Halldórsson á fjármála- og rekstrarsviði, Nathalía Durzin Halldórsdóttir á kjaramálasviði, Selma Ragnheiður Klemensdóttir og Sigrún Rós Elmers á þjónustu- og mannauðssviði og Guðrún Johnsen hagfræðingur. Tveir starfsmenn skiptu um starf innan félagsins á tímabilinu: Gils Einarsson fór í vinnustaðaeftirlit og Kolbrún Júlía Erlendsdóttir fór á Kjaramálsvið.

Eva Laufey Eggertsdóttir og Óskar Már Óskarsson voru í sumarafleysingum og hlutastarfi samhliða námi. Guðlaugur Eggertsson er í helgarvinnu í Miðhúsaskógi og Sólrún Ástvaldsdóttir í tilfallandi verkefnavinnu. Katrín Magnúsdóttir og Árdís Birgisdóttir fóru í fæðingarorlof á árinu.

FASTRÁÐIÐ STARFSFÓLK Á SKRIFSTOFU 1. MARS 2021

Formaður Ragnar Þór Ingólfsson

Framkvæmdastjóri Stefán Sveinbjörnsson

Fjármála- og rekstrarsvið

Oddur Gunnar Jónsson	Forstöðumaður
Auður Búadóttir	Bókhald
Birgir Georgsson	Eignaumsýsla
Björn H. Björnsson	Upplýsingatækni
Emil Gústafsson	Umsjón orlofseigna
Gísli Lúðvík Kjartansson	Umsjón orlofseigna
Ingibjörg Hrund Þráinsdóttir	Gæða- og skjalamál
Snorri Elís Halldórsson	Miðhúsaskógur
Sonja Steinarsdóttir	Rekstur tölvukerfa
Viktor E. Viktorsson	Upplýsingatækni

Kjaramálasvið

Bryndís Guðnadóttir	Forstöðumaður
Berglind Laufey Ingadóttir	Kjaramál
Bryndís Kjartansdóttir	Kjaramál
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir	Kjaramál
Hildur Margrét Hjaltested	Kjaramál
Jakob Einarsson	Kjaramál
Júnía Þorkelsdóttir	Kjaramál
Kristín María Björnsdóttir	Kjaramál
Málfríður Þorkelsdóttir	Kjaramál
Nathalía Druzin Halldórsdóttir	Atvinnumál
Viktoría Jensdóttir	Kjaramál
Þorsteinn Skúli Sveinsson	Kjaramál
Þorsteinn S. Sveinsson	Kjaramál

Þjónustu- og mannauðssvið

Herdís Rán Magnúsdóttir	Forstöðumaður
Ásta Björk Ólafsdóttir	Þjónustuver
Ástríður Valbjörnsdóttir	Sjúkrasjóður
Elín Matthildur Andrésdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Erla Bryndís Ingadóttir	Þjónustuver
Erna Eyjólfsdóttir	Þjónustuver
Eymundur G. Hannesson	Starfsendurhæfing - VIRK
Heiða Björg Tómasdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Heiða Kristín Líndal	Starfsendurhæfing - VIRK
Hildur Guðjónsdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Hulda Gunnarsdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Sigrún Rós Elmers	Starfsendurhæfing - VIRK
Selma Ragnheiður Klemensdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Katrín Magnúsdóttir	Starfsendurhæfing – VIRK
Katrín Sólveig Sigmarsdóttir	Þjónustuver
Malgorzata Maria Madej	Mötuneyti
Ragna Steina Þorsteinsdóttir	Þjónustuver
Rannveig Rögnvaldsdóttir	Sjúkrasjóður
Rósmarý Úlfarsdóttir	Deildarstjóri þjónustu
Salbjörg Björnsdóttir	Þjónustuver
Sigrún Lína Sigurðardóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Sigrún Svava Gísladóttir	Þjónustuver
Soffía Einarsdóttir	Starfsendurhæfing - VIRK
Sóley Garðarsdóttir	Þjónustuver
Þorgrímur Guðmundsson	Þjónustuver
Þórarinn Þórsson	Starfsendurhæfing - VIRK
Þórunn Jónsdóttir	Orlofssjóður

Þróunarsvið

Árni Leósson	Forstöðumaður
Anna Lilja Björnsdóttir	Trúnaðarmenn, viðburðir og markaðsmál
Árdís Birgisdóttir	Markaðsmál og viðburðir
Elva Hrönn Hjartardóttir	LÍV og markaðsmál
Fjóla Helgadóttir	Vefur og miðlun
Sandra Ósk Jóhannsdóttir	Fræðslumál og viðburðir
Selma Kristjánsdóttir	Starfsmenntamál
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir	Starfsmenntamál

Greiningar

Guðrún Johnsen	Hagfræðingur
Steinunn Böðvarsdóttir	Tölfræði og greiningar
Viðar Ingason	Hagfræðingur

Vinnustaðaeftirlit

Gils Einarsson	Vinnustaðaeftirlit
Hermann Guðmundsson	Vinnustaðaeftirlit og kjarasamningar

KJÖRIN STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2020

Stjórnarmenn eru alls 15 auk þriggja í varastjórn, fimm meðstjórnendur sátu áfram kjörnir árið 2019 en tveir stjórnarmenn sögðu sig úr stjórn á starfsárinu 2019 – 2020 (sjá ársskýrslu fyrir það starfsár). Á aðalfundi 25. mars 2020 tóku neðangreindir sæti í forystu félagsins.

Sjö stjórnarmenn til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR:

Fríða Thoroddsen
Bjarni Þór Sigurðsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson
Selma Björk Grétarsdóttir
Friðrik Boði Ólafsson
Sigrún Guðmundsdóttir

Tveir stjórnarmenn til eins árs:

Jónas Yngvi Ásgrímsson
Arnþór Sigurðsson

Þrír varamenn til eins árs:

Sigmundur Halldórsson
Þórir Hilmarsson
Jóhann Már Sigurbjörnsson

TRÚNAÐARRÁÐ

Samkvæmt lögum VR gerir uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð. Í lögunum segir m.a.:

... Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra. ...“

Framboðsfrestur til að skila inn listum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2020 – 2022 rann út á hádegi þann 17. febrúar 2020. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR og var hann réttkjörinn í trúnaðarráð VR. Listinn er birtur í stafrófsröð hér að neðan. Helmingur trúnaðarráðs sat áfram, kosinn til tveggja ára árið 2019.

Auður Jacobsen
Ágústa Harðardóttir
Áskell Viðar Bjarnason
Benedikt Ragnarsson
Birna Aronsdóttir
Björg Jóna Sveinsdóttir
Björgvin Björgvinsson
Björn Sigurður Lárusson
Dan Theman Docherty
Edda Svandís Einarsdóttir
Guðmundur Bergmann Pálsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Guðrún Indriðadóttir
Guðrún Þórsdóttir
Gunnar Steinn Þórsson
Hafdís Erla Kristinsdóttir
Helga Bryndís Jónsdóttir
Hildisif Björgvinsdóttir
Ingibjörg Baldursdóttir
Ingibjörg H Hjartardóttir
Ída Marianne Smáradóttir
Jóhann Bjarni Knútsson
Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir
Jón Hjörtur Hjartarson
Jón Ingi Kristjánsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Kristján Gísli Stefánsson
Magnús Þorsteinsson
Ósk Guðrún Aradóttir
Pálína Vagnsdóttir
Pálmey Gísladóttir
Pétur Helgason
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
Sæmundur Karl Jóhannesson
Unnur Elva Arnardóttir
Viðar Ingason
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórður Mar Sigurðsson
Þórir Baldvin Hrafnsson
Þórunn Davíðsdóttir

Dagar ehf.
Johan Rönning
Johan Rönning
Mjöll-Frigg ehf.
BL ehf.
Motus ehf.
Ísleifur Jónsson ehf.
Snæland Grímsson ehf.
Farfuglar ses.
Flugfélagið Atlanta ehf.
Húsasmiðjan ehf.
Vörður tryggingar hf.
Cabin ehf.
Guðmundur Jónasson ehf.
Hagkaup
Icelandair ehf.
Ferðaskrifstofa Kynnisferða
Verkís hf.
ÍSAM ehf.
Sjóvá-Almennar hf.
Cabin ehf.
Guðmundur Arason ehf.
Ölgerðin Egill Skallagríms hf.
Póstmiðstöðin ehf.
BL ehf.
Egilsson ehf.
Olíuverzlun Íslands ehf.
Íslandsspil sf.
Vátryggingafélag Íslands hf.
Húsgagnahöllin
Húsasmiðjan ehf.
Össur Iceland ehf.
Flugfélagið Atlanta ehf.
Ferðaskrifstofa Kynnisferða
N1 ehf.
Skeljungur hf.
VR
Vörubílastöðin Þróttur hf.
Samskipti ehf.
Flugleiðahótel hf.
Mjólkursamsalan ehf.

TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM

Trúnaðarmenn VR á vinnustöðum voru alls 250 í byrjun mars árið 2021 en voru 253 í sama mánuði árið áður. Listi yfir trúnaðarmenn er birtur á vef VR, www.vr.is.



General activities and services 2019–2020

	2020	2019
Number of members	36,503	37,375
Number who paid into the Fund at least once during the year	45,893	48,326
Employment terms under examination for members	1,469	1,920
Vocational and leisure activity grants, No. of members	8,020	8,159
Grants from VR Contingency Fund, No. of members	14,971	17,141
No. of benefit recipients from VR Sick Pay Fund	1,458	1,552
No. of new registrations for services from VIRK consultants at VR	464	397
Use of holiday cottages, number of leases	5,532	4,920

2020 Key figures

Membership fees	1,475,956,052
Sick Pay Fund premiums	1,965,446,267
Holiday Fund premiums	482,211,937
Lease of holiday cottages and other holiday services	176,001,794
Other income	194,463,513
Total income	**4,294,079,563**
Benefits and grants	1,841,823,903
Payments from Contingency Fund	589,399,948
Operating expenses	1,903,313,985
Total expenses, benefits and grants	**4,334,537,836**
Financial items	875,780,124
Net income available for use	**835,321,851**

VR 130 YEARS

On 27 January 1891, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur was established at a meeting in the restaurant Hermes at Lækjargata in Reykjavík. The union, therefore, celebrated 130 years of operation during the year. On the occasion, a celebratory meeting of the Board of Directors of VR was held on the anniversary in the old Lækjargata building which now stands in Árbæjarsafn (Árbær Open Air Museum). In addition, the union held a celebratory event that was shown on its website.

During its first decades after establishment, VR was a joint venture of wage earners and employers. During the Annual General Meeting (AGM) of VR on 28 February 1955, however, the meeting unanimously voted that VR should only represent wage earners who were members of VR. Most recently, VR has merged with several commercial and office workers' unions and has become, at present, the union with the highest number of members, almost forty thousand. During the AGM of VR in 2006, a motion was passed to change the name of the union from Verzlunarmannafélag Reykjavíkur to VR.

THE EFFECTS OF COVID-19 ON THE OPERATIONS OF VR

